

Alþingi
Erindi nr. P 137/271
Þomudagur 19.6.2009

Höfðabrekka 17. júní 2009.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um nátturuverndaráætlun 2009-2013.

Síðastliðin vetur var mál þetta til umfjöllunar hjá umhverfisnefnd Alþingis undir stjórn Helga Hjörvars. Var friðun í Reynisfjalli þá sett út af borðinu þegar menn sáu að eingöngu var verið að friða til að koma í veg fyrir göng í Reynisfjalli. Hvímleitt er að svona mál skuli upptekið aftur svo skömmu eftir að fyrri umhverfisnefnd felldi málið. Má af því álykta að annarleg sjónarmið liggja að baki við þessa friðun.

Að okkar mati í Betri byggð í Mýrdal er brekkubobbi ekki í neinni útrýmingahættu, enda finnst hann undir Eyjafjöllum, í Reynishverfi, við Vík og allt austur að Höfðabrekku og Reynisbrekku. Einnig í Heiðardal. Í spjalli við bóndann á Smyrlabjörgum í Suðursveit kom fram að brekkubobbi finnst þar.

Teljum við útilokað að friða austurhlíðar Reynisfjalls á þessum forsendum. Þá fögnum við yfirlýsingum umhverfisráðherra um að hún muni leggja ríka áherslu á bætt samstarf við heimamenn.

Jafnframt bendum við á að friðlýsing Dyrhólaeyjar hefur fært okkur þá reynslu að ekki er að svo komnu máli rétt að friðlýsa meira í Mýrdalshreppi.

Be tri byggð í Mýrdal eru samtök íbúa í Mýrdalshreppi og telja í dag 124 íbúa.

F.h. Betri byggðar í Mýrdal.


Johannes Kristjánsson, formaður.



Alþingi

Austurstræti 6-8
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 137/754
komudagur 3.9.2009

Reykholti, 2. september 2009
0908021 SHJ

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 - 2013


Byggðaráð Bláskógabyggðar tók erindið fyrir á fundi sínum þann 30. júní 2009 og var eftirfarandi bókað við afgreiðslu erindisins:

**Umhverfisnefnd Alþingis; tillaga til þingsályktunar um
náttúruverndaráætlun 2009 – 2013.**

Byggðaráð gerir engar athugasemdir við efni þingsályktunarinnar.

Þessi bókun byggðaráðs var síðan staðfest í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 1. sept 2009.

Virðingarfyllst,



Valtýr Valtýsson
Sveitarstjóri Bláskógabyggðar



Alþingi
Umhverfisnefnd

*Alþingi
Erindi nr. Þ 137/224
komudagur 16.6.2009*

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. júní 2009

Efni. Þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013

Tilv. 2009060004

Vísað er í bréf umhverfisnefndar Alþingis dags. 5. júní 2009 þar sem leitað er umsagnar um ofangreinda tillögu til þingsályktunar.

Bændasamtök Íslands vísa á fyrri umsagnir um þingsályktunartillögur um náttúruverndaráætlun og leggja áherslu á eftirtalin atriði:

- 1) Að fullt samráð verði haft við allar viðkomandi sveitarstjórnir þannig að sem best samstaða náist um framkvæmd aðgerða.
- 2) Að þess verði gætt að hefðbundinn nýtingarréttur til beitar- og hlunnindanota verði virtur, og jafnframt, að fullt samráð verði haft við bændur og aðra yfirráðaaðila lands þurfi nauðsynlega að koma til skerðing á slíkri nýtingu.
- 3) Að ekki verði friðlýst uppeldissvæði fyrir dýr, svo sem mink, ref og vargfugl, sem raska lífríkinu og skaða nýtingu hlunninda.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands


Eiríkur Blöndal

Alþingi
Erindi nr. P 137/265
komudagur 19.6.2009

19. júní 2009

Umhverfisnefnd Alþingis

Varðar mál 52. Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013

Ég undirritaður mótmæli harðlega þeim áætlunum sem uppi eru varðandi friðlýsingu á hvannastóði undir Reynisfjalli. Búsvæði brekkubobba.

Þar sem ekki er sýnt fram á nauðsyn þess að friða þetta svæði þar sem enginn sýnileg ógn stendur að hvorki hvannastóðinu eða brekkubobbanum sé ég ekki forsendur fyrir þessari friðun. Einnig er ljóst að svæði þetta sem rætt er um að friða mun ná inní garða fólks í vesturhluta Víkurþorps, og er það algjörlega óásættanlegt fyrir okkur sem búum hér. Þar að auki hefur ekki verið haft neitt samráð við íbúa hér varðandi þetta mál heldur er vaðið yfir okkur eins og okkur komi þetta ekki við og eru það forkastanleg vinnubrögð að öllu leiti.

Með fyrirfram þökk
E Tryggvi Ástþórsson
Víkurbraut 30 a
870 Vík í Mýrdal



Alþingi
Erindi nr. P 137/264
komudagur 19.6.2009

Umhverfisnefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Fljótshéraði, 25. júní 2009
nr. erindis 200906066 SSP

Á 132. fundi bæjarráðs Fljótshéraðs 24.6. 2009 sl., var fundargerð umhverfis- og héraðsnefndar Fljótshéraðs til umfjöllunar og neðangreint erindi tekið fyrir.

Tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaáætlun 2009

Umhverfisnefnd Alþingis óskar eftir umsögn sveitarfélagsins um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 52. mál. Við gerð aðalskipulags Fljótshéraðs var náttúruverndaráætlun 2004-2008 til umfjöllunar, m.a. friðlýsing Eyjólfssstaðaskógar og Egilsstaðaskógar og Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur fengin til að gefa álit og vinna nýjar tillögur. Þær tilögur voru sendar öllum landeigendum og ábúendum, ríkir almenn sátt um þær og þar segir meðal annars um þessi tvö svæði:

Eyjólfssstaðaskógur

„Höfðaskógur er í eigu Skógræktar ríkisins og Eyjólfssstaðaskógur í eigu Skógræktarfélag Austurlands. Annað land er í einkaeign. Landið er ekki sérlega fjölbreytt, aðeins Hjallaskógur (Beinárgerði) er talinn ná öðrum verndarflokki, annað í þriðja flokki. Sumarhúsabyggð er í Hjallaskógi og Eyjólfssstaða- og Úlfssstaðaskógum, og nýlega skipulagt nýtt hverfi ofan við þau gömlu. Verulegum hluta Eyjólfssstaðaskógar hefur verið breytt í barrskóg, en sumar hinna fágætu fléttutegunda vaxa á Barrtrjánunum“.

Tillaga: „Ég sé enga sérstaka ástæðu til að friðlýsa þetta svæði, og legg til að það verði fellt niður úr Náttúruverndaráætlun“.

Egilsstaðaskógur

„Hvað varðar Egilsstaðaskóg, sunnan Fagradalsbrautar, þá hefur hann ekki sérlega hátt verndargildi, enda hefur nær öllu mýrlendi í skóginum verið breytt með framræslu og túnrækt, og skógurinn er nýttur til nautabeitar. Það sem þó gefur skóginum sérstakt gildi er tilveravilltrar blæspar, sem fannst þar fyrst um 1950, en vex

nú í nokkrum allstórum græðum, utan- og neðantil í skóginum, með allt að 8,5 m háum og beinum trjám. Þetta er eini staður á Íslandi þar sem villt blæösp myndar stæðileg tré, en runnvaxna ösp er víðar að finna. Skv. upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun er líka talsvert af fágætum fléttutegundum í skóginum, sem líklega vaxa einnig austan ár. Ég tel ástæðulaust að friðlýsa Egilsstaðaskóg sunnan Fagradalsbrautar, enda er blæöspin þar ekki í neinni sérstakri hættu.“

Tillaga: „Að svæðið í áætlun Umhverfisstofnunar 2003-08 verði minnkað, sem nemur Egilsstaðaskógi sunnan Fagradalsbrautar. Einnig verði svæði norðan Seyðisfjarðarvegarskorið af, en það sem eftir er fái að halda sér sem tillaga um friðlýsingu fólkvangs og friðlands.“

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Fljótshéraðs fjallaði um tillögur Helga Hallgrímssonar þann 13. ágúst 2008 og í framhaldi af því voru eftirfarandi tillögur Fljótshéraðs felldar inni aðalskipulagið sem verður nú staðfest innan skamms:

Sveitarfélagið leggur til við umhverfisráðherra að eftirtalin svæði verði friðlýst:

Votlendi og sandar í Hjaltastaðapinghá.

Friðlýsa svæðið nr. 605 sem friðland og þá sem næst þeim mörkum sem það hafði í Náttúruminjaskrá 1991, og styðst þar m.a. við tillögu Sævars Sigbjörnssonar fv. oddvita Hjaltastaðahrepps, nóv. 2000. Mörk gætu verið þannig: Að norðan: Héraðsflói. Að austan: Selfjótssósar, og Selfjót og síðan Bjarglandsá að Þórsnesodda, þaðan lína í vegamót að Kóreksstöðum, þaðan með þjóðvegi að Hjaltalundi. Suðurmörk þaðan eftir línu í Myllumel, skammt NA við vegamótin við Laufás. Að vestan: Með þjóðvegi út Bóndastaðaháls að vegamótum við Móberg, þaðan Viðastaðavegur til vesturs og síðan Lagarfljót til sjávar. Nefndin telur einnig rétt að bæta jörðinni Húsey við þetta svæði.

Gláma og nágrenni.

Glámusvæðið (649) verði friðlýst sem friðland og má í stórum dráttum notast við þau mörk sem dregin eru fyrir það í Náttúruminjaskrá 1996. Þar sem þetta svæði jaðrar við nr. 605 á Bóndastaðahálsi væri athugandi að sameina þau, eða tengja á einhvern hátt saman ef til friðlýsingar kemur. Rétt er að endurskoða mörk svæðisins þar sem ibúar á Ekru hafa gert athugasemdir við tillögurnar eins og þær birtast hér.

Þingmúli.

Um er að ræða Múlakoll og berghlaup austan í fjallinu sem friðlýsa ber sem náttúruvætti.

Haugahólar.

Um er að ræða berghlaup sem kom úr Haugafjalli sem friðlýsa ber sem náttúruvætti.

Selskógur, Miðhúsaskógur og Dalhúsaskógur ásamt

Eyvindarárgili.

Þeir hlutar þessara svæða sem eru í eigu sveitarfélagsins verði friðlýstir sem fólkvangur enda ætlaðir til útivistar og almenningsnota.

Bæjarráð samþykkir tillögu og bókun umhverfis- og héraðsnefndar sem sér ekki ástæðu til að gera breytingar á þessum tillögum að svo stöddu og óskar þess að tillit sé tekið til þeirra.

Samþykkt samhljóða.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,





Héraðs- og umhverfisfulltrúi Fljótshéraðs
Skarphéðinn Sigrún Þórhallsson

Alþingi
Erindi nr. P 137/517
komudagur 6.7.2009



FLÓAHREPPUR

Umhverfisnefnd Alþingis
Hildur Eva Sigurðardóttir
Alþingi
150 Reykjavík

Þingborg 3. júlí 2009

Efni: Umsögn tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun

Á fundi sveitarstjórnar Flóahrepps 1. júlí 2009 var tekin fyrir beiðni frá Umhverfisnefnd Alþingis um umsögn tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillöguna en gerir athugasemd við stuttan frest til afgreiðslu erindis eða einungis 10 dagar.

Virðingarfyllst,
f.h. sveitarstjórnar,


Margrét Sigurðardóttir Sveitarstjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/3/3
komudagur 22.6.2009



Alþingi-nefndasvið
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinhuld@fornleifavernd.is

Reykjavík 19. júní 2009

Tilvísun: Fvr 2009060023 /KHS


Efni: Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Umhverfisnefnd Alþingis hefur sent Fornleifavernd ríkisins til umsagnar tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Fornleifavernd ríkisins gerir engar athugasemdir við þau svæði sem verða á náttúruverndaráætlun 2009-2013. Stofnunin vill þó vekja athygli á að í athugasemd við þingsályktunartillöguna er fjallað um ýmis svæði sem friðlýst hafa verið á undanförunum árum. Á ýmsum þessara svæða eru fornminjar, svo sem í Vatnajökulsþjóðgarði. Stjórnslá fornléifamála, þ.e. Fornleifavernd ríkisins, á engan fulltrúa í stjórn þjóðgarðsins þrátt fyrir að innan hans sé fjöldi fornminja. Þá er stofnunin ekki nefnd í athugasemdunum sem samstarfsaðili í tengslum við mótn og framkvæmd náttúruverndaráætlunar. Slík samvinna er nauðsynleg á þeim svæðum sem fornminjar er að finna.

Virðingarfyllst

Kristín Huld Sigurðardóttir
Forstöðumaður

Alþingi
Erindi nr. P 137/314
komudagur 22.6.2009



Reykjavík 19.júní, 2009

Umhverfisnefnd Alþingis

Nefndasvið Alþingis

Umsögn Framtíðarlandsins um tillögu til þingsályktunar um náttúrverndaráætlun 2009-2013

Stjórn Framtíðarlandsins hefur tekið til skoðunar tillögu til þingsályktunar (pskj. 52) um náttúrverndaráætlun 2009-2013

Stjórnin fagnar því að lagt hafi verið fram áætlun til verndar ýmissa náttúrusvæða á Íslandi en telur þó að heldur skammt sé farið, sérstaklega í verndun hálendis og jarðfræðisvæða .

Framtíðarlandið vill ítreka að umhverfisverndarsamtök komi að mótun og gerð áætlana af þessu tagi. Aðkoma grasrótarsamtaka að áætlunum af þessu tagi er lýðræðisleg og gefur stjórnámálamönnum og embættismönnum innsýn í hug almennings varðandi umhverfismál.

Framtíðarlandið telur friðlýsingu plöntusvæða mjög jákvæða og sérstaklega þau svæði sem verða sameinuð Vatnajökulsþjóðgarði.

Friðlýsing beiskjuhraunavistar og rústamýrarvistar er mjög jákvætt skref í átt til fullrar friðlýsingar hálendisins og ber þar hæst stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Framtíðarlandið leggur einnig til að friðlandið á Guðlaugstungum nái yfir allar rústamýrar á því svæði og að friðland Orravatnsrústa nái einnig yfir Austari-Polla austan Jökulsár eystri.

Því er fagnað að Langisjór og nánasta umhverfi hans verði friðlýst. Framtíðarlandið leggur til að friðlandið nái einnig til vatnasvæða Skaftár og Hólmsár.

Það eru vonbrigði að Skeiðarársandur og svæði við Jökulsá og Öxarfjörð verði ekki sameinuð Vatnajökulsþjóðgarði. Framtíðarlandið hvetur til þess að þessi svæði verði sett í áætlunina og að samningum við landeigendur verði hraðað.

Framtíðarlandinu finnst einnig ámælisvert að hætt verði við friðlýsingu yst á Reykjanesskaga vegna þess að Orkuveita Suðurnesja svarar ekki fundarboðum og vegna ll áfanga rammaáætlunar. Það er ljóst að sérstaða svæðisins er einstök á heimsvísu og eiginlega furðulegt að það hafi ekki verið friðað fyrr.

Framtíðarlandið saknar friðlýsingar á nokkrum mikilvægum svæðum í áætluninni.

Þar má nefna fyrst Torfajökulssvæðið sem er eitt glæsilegasta jarðfræðisvæði landsins. Svæðið ætti að markast af Landmannalaugum í norðri, Mýrdalsjökli í suðri og tengjast Vatnajökulspjóðgarði í austri.

Annað svæði sem verðskuldaði friðun eru Brennisteinsfjöll á Reykjanesi ásamt Herdísarvík og Krísvíkurbjargi og strandlengjunni þar á milli.

Eldsumbrota og háhitasvæði í grennd við Kröflu og Mývatn ætti að friðlýsa á tímabilinu. Gjástykki og Leirhnjúkssvæðið eru einstök ummerki 14 eldgosa Kröfluelda frá 1975-1984 og er svæði sem á vart sinn líka í heiminum. Þeystareykir hafa þá sérstöðu meðal háhitasvæða landsins að þar er land gróið og er einstakur hluti af einu magnaðasta og fjölbreyttasta eldfjallasvæði landsins.

Með vinsemd og virðingu

Stjórn Framtíðarlandsins



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Alþingi
Erindi nr. P/137/324
komudagur 22.6.2009

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Borg 19.06.2009

Efni: Umsögn til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps þann 18. júní s.l. var tekin fyrir ofangreint mál sbr. bréf dags. 08.06.2009.

Eftirfarandi bókun var gerð.

9. Umsögn til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Lögð er fram beiðni frá Umhverfisnefnd Alþingis um umsögn um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Jafnframt liggur frammi álit SASS á áætlunni. Sveitarstjórn tekur undir álit SASS.

Virðingarfyllst,
f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

SVEITARSTJÓRI
GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPUR


Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri



Grundarfirði, 24. júní 2009.

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/400
komudagur 25.6.2009

Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík.

Efni: Athugasemd við tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 - 2013.

Bréf umhverfisnefndar Alþingis, dagsett 8. júní 2009, var tekið fyrir á fundi bæjarráðs Grundarfjarðarbæjar þ. 22. júní 2009. Eftirfarandi var bókað í fundargerð bæjarráðsins:

„Bæjarráð Grundarfjarðar telur sér ófært að veita umsögn um fyrirbyggjandi drög þar sem ekki liggur fyrir hvaða áhrif verði af friðun fjölmargra plantna og dýra á Snæfellsnesi. Bæjarráð leggur til að afgreiðsla þingsályktunartillögunnar verði frestað þar til nauðsynlegar upplýsingar liggi fyrir.

Bæjarráð tekur jafnframt undir álit Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 18. júní 2009.

Samþykkt samhljóða.“

Framangreind niðurstaða er send umhverfisnefndinni þótt tilgreindur frestur til þess að skila athugasemdum sé liðinn, en bent er á, að æskilegra væri að umsagnaraðilum, sem geta átt mikilla hagsmuna að gæta, væri veittur rýmri tími til þess að skoða viðkomandi þingmál.

Virðingarfyllst,


Bæjarstjórinn
Grundarfirði
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, bæjarstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 137/247
komudagur 18.6.2009

Egilsstöðum 15. jún. 2009

52. mál

Til umhverfisnefndar Alþingis


Ég vil byrja á því að lýsa ánægju minni með þá framför hjá nefndinni að senda landeigendum þessa tillögu til umsagnar. Ég vona að aðrir sem eiga land á þessu svæði hafi líka fengið þetta til umsagnar. Að öðru leyti hefur sjónarmið mitt ekkert breyst frá því ég sendi inn athugasemd í janúar s.l.

Ég mótmæli alfarið þessum áformum um friðlýsingu á landi mínu sem væri um leið ekkert annað en eignaupptaka á mínum eigum. Það er rekinn búskapur á Egilsstaðajörðinni og ef til friðlýsingar kæmi myndi það hefta verulega þá nýtingu sem nú þegar er á landinu og skerða allar hugmyndir um frekari not.

Landið í Egilsstaðaskógi er og hefur um langan tíma verið nytjað. Þarna eru gripahús og ræktuð tún sem eru nytjuð og auka um leið möguleika á að fara um þetta land, sem annars er sokkið í ófærum skógi. Vegna þessara nytja er skógurinn á Egilsstaðajörðinni verðmætari til útivistar og þetta land skiptir máli fyrir afkomumöguleika á jörðinni.


Egilsstaðaklettur eru hluti af bæjarmyndinni hér og eru fáir betur meðvitaðir um það en ábúendurnir. Friðlýsing myndi hefta ábúendur í eðlilegri umgengni við landið þar sem samspil nýtingar og verndunar hefur alltaf verið haft að leiðarljósi.

Með kveðju,



Gunnar Jónsson

Egilsstöðum I



HAFNARFJÖRÐUR

Alþingi
Erindi nr. P 137/414
komudagur 25.6.2009

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Hafnarfirði, 29. júní 2009
0906057

Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar dags. 24. júní sl. var eftirfarandi mál á dagskrá:


Efni: Náttúruverndaráætlun 2009-2013, tillaga til þingsályktunar

Umhverfisnefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Óskar nefndin eftir svörum eigi síðar en 19. júní 2009. Skipulags- og byggingarráð vísði 09.06.2009 erindinu til umhverfisnefndar/staðardagskrár 21 til umsagnar.

Trausti Baldursson víkur af fundi og tekur ekki þátt í afgreiðslu þessa erindis.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir umsögn umhverfisnefndar/staðardagskrár 21 og gerir ekki athugasemd við erindið.

Virðingarfyllst,


Jóhann Bjarkason



Alþingi
Erindi nr. P 137/312
komudagur 22.6.2009


Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 18. júní 2009
Tilv.: 0906012

Vísað er til umsagnarbeiðni frá umhverfisnefnd Alþingis um þingsályktunartillögu um Náttúruverndaráætlun 2009 – 2013, 52. mál. Umsagnarbeiðnin er dagsett er 5. júní 2009. Fyrri umsögn Háskólans á Akureyri um tillöguna, dagsett 14. janúar síðastliðinn, gildir sem svar.

Virðingarfyllst,


Þorsteinn Gunnarsson, rektor



ÍSAFJARÐARBÆR

Alþingi
Erindi nr. P/137/615
komudagur 14.7.2009

Alþingi
150 Reykjavík


Ísafirði, 8. júlí 2009
2009060020
AGG/--

Efni: Náttúruverndaráætlun 2009 - 2013.

Á fundi umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar 22. júní sl. var lagt fram bréf, dags. 5. júní sl., frá Hildi Evu Sigurðardóttur nefndarritara umhverfisnefndar Alþingis, þar sem óskað er umsagnar tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 – 2013..

Bókun umhverfisnefndar var eftirfarandi: *Umhverfisnefnd samþykkir þingsályktunina og telur að til greina komi að stækka umrætt svæði, þe. frá Kaldalóni og að Geirólfsnúp.*

Bæjarráð tók undir bókun umhverfisnefndar á fundi sínum 6. júlí sl.

Þetta tilkynni hefur
BYGGINGARFULLTRÚINN
Ísafirði

Anna Guðrún Gylfadóttir
Byggingarfulltrúi



Alþingi
Erindi nr. P 137/456
komudagur 29.6.2009

KÓPAVOGSBÆR
Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími: 570 1500
Fax: 570 1501
www.kopavogur.is

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Kópavogi, 23.06.2009
0906103/001.01 PM

Efni: Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs, þann 19. júní sl., var lögð fram umsögn sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs Kópavogs, dags. 18. júní, um þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2009 – 2013, m.a. varðandi friðlýsingu 13 svæða.

Eftirfarandi var bókað:

Þar sem umrædd svæði eru ekki innan lögsögu Kópavogs, gerir bæjarráð ekki athugasemd við framlagða tillögu um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Páll Magnússon
bæjarritari

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/325
komudagur 22.6.2009

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Kópavogi, 16.06.2009
0906103/001.01 PM

Efni: Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs, þann 11. júní sl., var lagt fram erindi frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 5. júní, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 – 2013, 52. mál.

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð vísar erindinu til sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs til umsagnar. Jafnframt er erindinu vísað til umhverfisnefndar til kynningar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Páll Magnússon
bæjarritari



Alþingi
Erindi nr. P 137/316
komudagur 22.6.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 18.06.2009
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 52. mál

Vísað er í bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 5. júní 2009, þar sem óskað er eftir umsögn Landsvirkjunar við ofangreinda þingsályktunartillögu.

Þingsályktunartillagan er hér orðrétt endurflutt frá síðasta þingi. Landsvirkjun fékk þá tillögu til umsagnar og skilaði inn umsögn til umhverfisnefndar Alþingis þann 15. janúar sl. ásamt ítarlegri greinargerð. Fyrri umsögn og greinargerð er því hjálögð og vísast til hennar varðandi afstöðu fyrirtækisins og efnislega umfjöllun um einstaka þætti fyrirbyggjandi tillögu.

Í tillögu að náttúruverndaráætlun er lagt til að friðlýst verði þrjú svæði þar sem munu skarast hagsmunir verndar og orkunýtingar, en þau eru stækkun friðlands Þjórsárvera, friðlýsing rústasvæða í grennd við Orravatn og svæðið innan við Langisjó. Rökstuðningur fyrir tillögum um friðlýsingu þessara svæða er að fyrirhuguð virkjunarmannvirki ógni þeirri rústamýravistgerð sem er að finna á svæðinu umhverfis núverandi friðland í Þjórsárverum og í grennd við Orravatsrústir og að veita vesturkvíslar Skaftár til Tungnaár kunni að ógna móbergsmýndunum við Langasjó. Í meðfylgjandi greinargerð Landsvirkjunar er fjallað nánar um þessi svæði og möguleika á að sátt náist um mörk þessara friðlanda þannig að tilgangi friðunar en einnig mögulegrar nýtingar verði náð.

Í greinargerð Landsvirkjunar er bent á að hugmyndir um orkunýtingu og verndun á þessum svæðum voru til umfjöllunar í niðurstöðu 1. áfanga rammaáætlunar á árinu 2003. Frá þeim tíma hefur verið unnið að margskonar rannsóknum og breyttum áætlunum til að draga úr umhverfisáhrifum orkunýtingar á þessum svæðum eða í grennd við þau. Þessar nýju áætlanir munu verða til umfjöllunar í 2. áfanga rammaáætlunar, sem ætlað er að mynda grunn að áætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða í samræmi við stefnu núverandi ríkisstjórnar. Á meðan á þeirri vinnu stendur telur Landsvirkjun eðlilegt að fresta einhliða tillögum um friðlýsingu þessara svæða eða þar til fjallað hefur verið um verndargildi þeirra og hugsanleg áhrif orkunýtingar á þau náttúruverðmæti sem þar kunna að vera í húfi. Ákvörðun um friðlýsingu síðar myndi þá byggjast á niðurstöðu þeirrar vinnu.

Á fundi með umhverfisnefnd Alþingis 18. febrúar sl. var farið efnislega yfir þær athugasemdir sem Landsvirkjun hafði við fyrirbyggjandi náttúruverndaráætlun.





Í nefndaráliti umhverfisnefndar Alþingis (þskj. 864-192. mál) var á þann veg að leita yrði leiða til að ná sáttum um mörk friðlýstra svæða þar sem ágreiningur væri um þau. Telji umhverfisnefnd mikilvægt að friðlýsing ofangreindra svæða nái fram að ganga á næsta friðlýsingartímabili getur Landsvirkjun fallist á nefndarálit umhverfisnefndar síðasta þings sem ásættanlega niðurstöðu. Sömu sjónarmið koma einnig fram í grein eftir umhverfisráðherra í Morgunblaðinu 17. júní sl.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi greinargerðar Landsvirkjunar um þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst

Friðrik Sophusson
forstjóri

Hjál.



Þetta orðalag er óvanalegt að sjá í erindisbréfum nefnda, sem í þessu tilviki skal vinna að náttúruverndaráætlun og á að miða vinnu sína við 66. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999, en þar kemur skýrt fram hvaða viðmið eigi að hafa að leiðarljósi við gerð tillagna um friðun eða verndun. Þar segir m.a. að í náttúruverndaráætlun skuli tillögur um friðlýsingu byggjast á visindalegum rannsóknnum um náttúrufar og vistkerfi viðkomandi svæðis hafi hátt náttúruverndargildi, m.a. út frá fágæti eða sérstöðu.

Í tillögu að náttúruverndaráætlun er lagt til að friðlýst verði þrjú svæði þar sem munu skarast hagsmunir verndar og orkunýtingar, en þau eru stækkun friðlands Þjórsárvera, friðlýsing Orravatsrústa og að Langisjór og nágrenni verði hluti af Vatnajökulsþjóðgarði. Rökstuðningur fyrir tillögum um friðlýsingu þessara svæða er að fyrirhuguð virkjunarmannvirki ógni þeirri rústamýravistgerð sem er að finna á svæðinu umhverfis núverandi friðland í Þjórsárverum og í grennd við Orravatsrústir og að veita vesturkvíslar Skaftár til Tungnaár kunni að ógna jarðfræðimyndunum við Langasjó. Tillögurnar virðast því beinlínis settar fram á þeim forsendum að koma í veg fyrir hugmyndir um orkunýtingu á þessum svæðum. Eins og kemur fram í meðfylgjandi greinargerð er að mati Landsvirkjunar ótrúverðugt að hugsanleg mannvirki kunni að ógna ofangreindum vistgerðum eða jarðfræði viðkomandi svæða og enn síður á landsvísu. Tillaga um friðlýsingu þeirra á því ekki rétt á sér lögum samkvæmt.

Í þessu sambandi má nefna að umhverfisráðherra skipaði hinn 22. nóvember 2006 sérstakan starfshóp til þess að fara yfir og kanna möguleika á stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og til að endurskoða núverandi mörk þess og skilmála friðlýsingar. Í þennan starfshóp voru tilnefndir sérfræðingur frá Umhverfisstofnun sem formaður og auk hans fulltrúar sveitarfélaga á svæðinu. Náði starfshópurinn sátt um stækkun á mörkum friðlands Þjórsárvera og gerði tillögur um breytingu á reglugerð um friðlandið. Í friðlýsingartillögum þeim er hér liggja fyrir er farið eftir tillögum starfshópsins hvað varðar mörk friðlandsins, en suðurmörk þó færð langt suður á Fjórðungssand, en því hafði starfshópurinn eindregið aður hafnað. Engin rök eru færð fyrir þessari tillögu, enda er hún greinilega ekki sett fram á forsendum náttúruverndar heldur að því er virðist fyrst og fremst til að koma í veg fyrir veitulón í farvegi Þjórsár.

Loks er rétt að benda á að hugmyndir um orkunýtingu á þessum svæðum voru til umfjöllunar í niðurstöðu 1. áfanga rammaáætlunar á árinu 2003. Frá þeim tíma hefur verið unnið að margskonar rannsóknum og breyttum áætlunum til að draga úr umhverfisáhrifum orkunýtingar á þessum svæðum eða í grennd við þau. Þessar nýju áætlanir munu verða til umfjöllunar í 2. áfanga rammaáætlunar, sem ætlað er að mynda grunn að áætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða í samræmi við stefnu núverandi ríkisstjórnar. Á meðan á þeirri vinnu stendur telur Landsvirkjun eðlilegt að fresta einhliða tillögum um friðlýsingu þessara svæða eða þar til fjallað hefur verið um verndargildi þeirra og hugsanleg áhrif orkunýtingar á þau náttúruverðmæti sem þar kunna að vera í húfi. Ákvörðun um friðlýsingu síðar myndi þá byggjast á niðurstöðu þeirrar vinnu.

Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi greinargerðar Landsvirkjunar um þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst

Agnar Olsen
staðgengill forstjóra



Skrifstofa forstjóra

15.01.2009
Mál: 98.11

Greinargerð Landsvirkjunar um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 - 2013

Inngangur

Í kaflanum *Náttúruverndaráætlun 2009-2013, friðlýsing 13 svæða og forsendur* kemur fram að í tillögu umhverfissráðuneytis er í fyrsta sinn lagt til að beita friðlýsingu á svæðum sem búa yfir fágætum vistgerðum á hálendi landsins. Hér er um að ræða svokallaða rústamýravist er snertir tvö fyrirhuguð virkjunarsvæði (Norðlingaölduveita, Skatastaðavirkjun) og breiskjuhraunavist á friðlandinu við Laka og í nágrenni þess. Er það eina svæðið á miðhálandinu þar sem sú vistgerð hefur fundist. Þá er lagt til að Langisjór og nánasta umhverfi hans verði friðlýst og felld inn í Vatnajökulsþjóðgarð á grundvelli sérstakrar gígaraðar og náttúrufegurðar. Verði þessi tillaga samþykkt þýðir það í reynd að útilokað verður að veita efstu drögum Skaftár til Tungnaár. Önnur fyrirhuguð friðlýsingarsvæði snerta ekki beina virkjunarhagsmuni Landsvirkjunar og því verður ekki fjallað um þau hér.

Mikilvægt er að allar þær tillögur um friðlýsingu er koma fram í Náttúruverndaráætlun **hvili á skýrum faglegum grunni bæði hvað varðar þekkingu á náttúrunni og mati á verndargildi hennar**. Raunar má segja að forsenda fyrir óskum um friðlýsingu hljóti lögum samkvæmt að vera þörf fyrir verndun svæðis (og/eða tegunda) vegna fágætis eða sérstöðu á landsvísu eða heimsvísu. Þessi sjónarmið koma fram í greinargerð með þingsályktunartillögunni og er Landsvirkjun þeim sammála. Því miður hefur að mati Landsvirkjunar viljað brenna við að engan veginn fullnægjandi skýringar hafi komið fram um þörf fyrir aukna verndun eða friðun nokkurra þeirra svæða sem nú þegar eru friðuð.

Þá kemur einnig fram í greinargerð með tillögunni, og er **mikilvægt að hafa í huga þegar fjallað er um fyrirbyggjandi tillögur um friðlýsingar að ákveðinn sveigjanleiki sé fyrir hendi við framkvæmd friðlýsinga þó ekki sé hvikað frá þeirri stefnu að setja upp net verndarsvæða út frá vísindalegum forsendum og faglegu mati**. Raunar er þessi skoðun í anda náttúruverndarlaganna en í fyrirbyggjandi tillögum koma fram tillögur um hertar verndaraðgerðir án fullnægjandi rökstuðnings þvert gegn anda laganna. Verður nánar vikið að því hér á eftir.

Rústamýravist

Rök fyrir stækkun friðlands þjórsárvera og friðlýsingu Orravatnsrústa byggist á svokallaðri rústamýravist, sem er nýlegt hugtak yfir gróðurfar á sífrerasvæðum.

Rústamýravist er hallalítið, vel gróið votlendi, hátt til fjalla, samsett úr mörgum gróðurfélögum. Yfirborð er breytilegt með tjörnum, flóa- og mýrasundum, lækjum, lækjadrögum og rústum með klakalinsum. Rústirnar eru sérkennilegar bungur sem lyfst hafa upp úr votlendinu og þornað. Þær eru mismunandi að stærð, lögun og gróðurfari. Rústamýravist er bundin við miðhálandið í yfir 450-500 m hæð á svæðum þar sem

loftslag er kalt, úrkoma lítil, grunnvatnsstaða há, jarðvegur þykkur og að meiri hluta lífrænn.

Í tillögunni er lagt er til að rústamýravist á hálendi Íslands verði friðuð. Vistgerðin er vel afmörkuð á ákveðnum svæðum miðað við þær ytri aðstæður er gera slíkt vistkerfi mögulegt.

Í viðauka með tillögunni kemur fram að **markmiðið** með stækkun friðlands Þjórsárvera og Orravatsnrústa sé verndun staðbundinnar vistgerðar á hálendinu sem telst alþjóðlega verndarþurfi en rústamýrum fer fækkandi hér á landi. Vistgerðin þykir óvenju fjölbreytt miðað við aðrar þekktar vistgerðir á hálendinu og hefur verulegt vísindalegt gildi. Rústamýrar hafa einnig sérstakt verndargildi vegna þess að þær eru meðal þeirra búsvæða sem talin eru í hættu af aðildarþjóðum Bernarsamningsins og njóta því sérstakrar verndar

Í viðaukanum kemur fram að rústamýravist sé **útbreidd norðan Vatnajökuls á Vesturöræfum, Fljótsdalsheiði, Jökuldalsheiði** og umhverfis Hofsjökul og vestur að Langjökli, þ.e. í Þjórsárverum sunnan Hofsjökuls, Orravatsnrústum norðan hans og í Guðlaugstungum og Álfeirstungum norðvestan jökulsins. Rústamýrar með dreifðum rústum er einnig að finna norðan og sunnan þessa aðalsvæðis. Víðáttumestu og fjölbreyttustu rústasvæði á landinu eru í Þjórsárverum og í Guðlaugstungum, **sem þegar eru friðlýst svæði. Sú spurning hlýtur að vakna, í ljósi þess hve útbreidd þessi vistgerð hvers vegna er talið nauðsynlegt að friðlýsa svæði, eins og t.d. með stækkun friðlandsins neðan Þjórsárvera, þar sem nánast engin rústamýravist er skráð samkvæmt skýrslu frá Umhverfisstofnun.**

Í viðauka er á bls. 30 sagt að núverandi landnotkun vistkerfisins séu *beitarlönd, orkuvinnslusvæði og útivist*. Hvað varðar landnotkunina, orkuvinnslusvæði, er hér ofsagt en einu tengsl orkuvinnslu um víðfeðm rústasvæði landsins eru aðrennslisgöng að Kárahnúkavirkjun á um 150 m dýpi undir Fljótsdalsheiði.

Í framhaldi af því er fjallað um *ógnir* og þar er talið að hugmyndir um virkjanir geti ógnað tilvist sumra rústamýra landsins. Hér er notað hæpið orðalag svo ekki sé sterkar að orði kveðið. Staðreyndin er sú að núverandi tillögur um veitulón í Þjórsá neðan Þjórsárvera ógna ekki á nokkurn hátt verunum upp með ánni eða hliðarám Þjórsár. Sama á við um áhrif Kárahnjúkavirkjunar á rústamýravist á Fljótsdalsheiði. Fyrirhugað Bugslón Skatastaðavirkjunar ógnar ekki á nokkurn hátt þeim rústamýrum er þar finnast. Því er það út í hött og í algjörrri mótsögn við anda náttúruverndarlaga og fyrrnefnd almenn sjónarmið um náttúruvernd að fullyrða slíkt.

Loks er í almenna kaflanum um rústamýravist fjallað um framkvæmd friðunar þar sem nánast allar athafnir mannsins verða bannaðar á þessum svæðum. Þar segir (bls. 30): **”Lagt er til að tilgreind verði og vernduð lykilsvæði fyrir rústamýravist á hálendi Íslands. Þar yrðu allar framkvæmdir og athafnir sem leitt geta til röskunar á vistgerðinni fortakslaust bannaðar. Alls er um að ræða þrjú svæði og eru tvö þeirra þegar friðuð að hluta með einhverjum hætti. Breyta þarf mörkum og stækka sum þeirra til að tilætluðum markmiðum um verndun lykilsvæða verði náð.”**

Hér er á ferðinni nýtt sjónarmið. Allar athafnir mannsins er leitt geta til breytinga á vistkerfi þessara svæða verða bannaðar, þar á meðal umferð um þessi svæði sem þó þekja aðeins lítinn hluta þessa vistkerfis eins og fram kemur hér að framan. Þetta sjónarmið er algjörlega andhverft við inngangskafila að Náttúruverndaráætlun þar sem lögð er áhersla á sveigjanleika og samstarf. Almennt verður að hafa í huga að margskonar starfsemi getur þrífist á svæðum þar sem þessa vistgerð er að finna og það hefur engin áhrif á verndargildi hennar. Landsvirkjun dregur í efa að ráðuneyti umhverfismála geti í reglugerð um friðlýsingu bannað umgengni og athafnir manna sem hafa augljóslega engin áhrif á það vistkerfi, sem friðlýsing byggist á.

Friðunartillögurnar ná aðeins til lítils hluta af þeirri rústamýravist sem hér á landi er að finna. Eins og kemur fram hér að framan og í viðauka með tillögunni er þessi vistgerð algeng mjög víða á miðhálandinu og því verður ekki séð að þessu vistkerfi í heild stafi ógn af athöfnum mannsins. Meginógnin er hlýnandi loftslag, sem flestir vita að muni breyta þessum vistkerfum. Samt sem áður telja höfundar þessarar tillögu ástæðu til að taka svo til orða.

Hér á eftir verður fjallað um þau tvö svæði sem lagt er til að verði friðlýst á grundvelli rústamýravistar, þ.e. stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og Orravatnsrústir.

Stækkun friðlands í Þjórsárverum

Greinargerð með tillögum um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum er fátækleg. Tillagan í greinargerðinni er svohljóðandi:

„Lagt er til að mörk friðlandsins í Þjórsárverum verði færð út þannig að það nái yfir allt votlendi veranna, sbr. meðfylgjandi kort, og verði alls um 1.152 km², eða um 115.160 ha. Þar með mundu bætast við nokkur rústamýrasvæði sem eru utan friðlandsins auk þess sem ákvæði stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar um verndun hins sérstæða votlendis veranna væru uppfyllt. Jafnframt yrðu friðlýsingarskilmálar styrktir og bann lagt við röskun innan svæðisins.“

Sjá meðfylgjandi yfirlitskort.

Eins og kunnugt er felldi settur umhverfisráðherra þann úrskurð í janúar 2003 að fallist væri á framkvæmdina (Norðlingaölduveitu) með þeim skilyrðum að veitumannvirki yrðu utan friðlands Þjórsárvera. Í þeirri tilhögun er fram kom í úrskurði ráðherra var annars vegar gert ráð fyrir veitulóni að mestu í farvegi Þjórsár og hins vegar sérstöku setlóni neðan Þjórsárjökuls þar sem kvíslum frá jöklinum var veitt til Kvíslaveitna. Síðar felldi Héraðsdómur Reykjavíkur þann úrskurð að gera þyrfti sérstakt mat á umhverfisáhrifum fyrir þessa veitu og féll Landsvirkjun þá frá áformum um gerð hennar. Var hönnun Norðlingaölduveitu því breytt og aðeins gert ráð fyrir veitulóni í farvegi Þjórsár austan við Norðlingaöldu.

Ekki kemur fram hvar þau rústasvæði eru sem ætlunin er að friða með hinni miklu stækkun á núverandi friðlandi til suðurs. Það ætti þó að vera forsenda fyrir tillögunni um stækkun friðlandsins lögum samkvæmt. Gróðurfransóknir hafa aðeins verið gerðar á litlum hluta fyrirhugaðrar stækkunar friðlandsins, í Eyvafeni og nágrenni sunnan núverandi friðlandsmarka. Samkvæmt skýrslu frá Náttúrufræðistofnun sem unnin var á árinu 2004 var rústamýravist ekki merkjanleg sem skráð vistkerfi sunnan núverandi friðlandsmarka Þjórsárvera þó svo að stöku ummerki rústa hafi fundist þar í

mýrarsvæðum. Skýrsla Náttúrufræðistofnunar leiðir í ljós að gróðurfar í Eyvafeni tilheyrir að mestu sandmýrarvist. Vistgerð þessi finnst einkum í lægðum þar sem vatn flæðir yfir tímabundið og sandur, vikur og áfoksefni berast að og mynda jarðveg. Einkenni vistgerðarinnar er m.a. há og breytileg vatnsstaða með miklum sandburði og í skýrslunni eru leiddar líkur að því að engin breyting verði á jarðvatnsstöðu eða þessum ytri skilyrðum gróðurs eftir gerð veitulóns. Skýrslan staðfestir að gróðurgerð á þessu svæði er annars eðlis en hið friðaða votlendi Þjórsárveranna norðar.

Allt frá því að umhverfisráðherra felldi úrskurð sinn á árinu 2003 komu fram raddir um að nauðsynlegt væri að stækka friðlandið í Þjórsárverum. Þjórsárver afmarkast að vestanverðu af Hnífá sem sést vel á meðfylgjandi gróðurfarsmynd. Svæðið sunnan Hnífár kallast Fjórðungssandur og var öldum saman harðrægur ferðakafli á leiðinni um Sprengisand. Núverandi mörk friðlandsins ná yfir meginhluta þess svæðis sem kallast Þjórsárver. Það er einna helst að norðaustanverðu, þ.e. upp með efsta hluta Þjórsár sem vistkerfi finnst sem líkjast stærsta hluta veranna. Eftir að fallið var frá hugmyndum um gerð veitu og setlóns við Þjórsárjökul kom fram eindregnari vilji stjórnvalda til að skoða stækkun friðlandsins.

Umhverfisráðherra skipaði hinn 22. nóvember 2006 sérstakan starfshóp til að fara yfir og kanna möguleika á stækkun friðlandsins í Þjórsárverum og til að endurskoða núverandi mörk friðlandsins og skilmála friðlýsingar. Í þennan starfshóp voru tilnefndir sérfræðingur frá Umhverfisstofnun sem formaður og auk hans fulltrúar sveitarfélaga á svæðinu. Náði nefndin sátt um stækkun á mörkum friðlands Þjórsárvera, sbr. meðfylgjandi yfirlitskort, og gerði tillögur um breytingu á reglugerð um friðlandið.

Í tillögu til þingsályktunar er þess hvergi getið að náðst hafi sátt við heimamenn um eðlilega stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Þvert ofan í álit ofangreindrar nefndar umhverfisráðherra er í tillögunni lögð til stækkun friðlandsins til suðurs, sem flestir aðilar starfshópsins töldu ekki þörf á og engin fagleg rök mæla með eins og kemur fram hér að framan. Starfshópurinn um náttúruverndaráætlun tekur hins vegar upp í sínum tillögum önnur mörk á stækkun friðlandsins, þ.e. að vestan, norðan og austan, en bætir svo við svæði sunnan veranna, rétt suður fyrir fyrirhugað veitulón í Þjórsárfarvegi. Það er gert á grundvelli rústamýravistgerðar sem afar lítið er um á svæðinu. Fagleg rök eru engin og þessi furðulega tillaga er andstæð ákvæðum 66. gr. náttúruverndarlaga nr.44/1999.

Staðreyndin er sú að sátt hefur náðst um mörk friðlandsins með tillögum til umhverfisráðherra í mars 2007. Sveitastjórnir hafa lagt áherslu á að staðið verði að stækkun friðlandsins á faglegum grundvelli úr því stjórnvöld telja þetta svæði svo mikilvægt að stækka þurfi friðlandið. Það er því áleitinn spurning hvers vegna ekki var farið að tillögum starfshóps umhverfisráðherra frá því í mars 2007. Tillaga Landsvirkjunar er sú að fallist verði á tillögur um mörk á stækkun friðlands í Þjórsárverum, í samræmi við það sem samstarfshópur umhverfisráðuneytis og viðkomandi sveitarfélaga lagði til með áliti sínu í mars 2007.

Orravatsnrústir

Í viðauka með tillögunni er að finna afar fátæklega röksemd fyrir friðlýsingu Orravatsnrústa, sem hafa um langt árabíl verið á náttúruminjaskrá en sérstaða þessa svæði er hversu hátt yfir sjávarmáli landið er á þessum slóðum.

Í viðauka með tillögu um náttúruverndaráætlun segir:

“Hér er að finna sérstæðasta freðmýrasvæði landsins. Lagt er til vernda um 73 km² svæði umhverfis Orravatnsrústir. Þar með yrði meginþorri rústamýra á þessum slóðum innan marka friðlands. Austari-Pollar, austan Jökulsár eystri, yrðu þó undanskildir. Mörkin mundu ná frá Jökulsá í suðri, þar sem hún sveigir við Illviðrahnjúka, og norður fyrir Reyðarvatn. Í vestri mundu mörkin teygjast eftir vatnaskilum norður um Bleikáluháls og í austri sömuleiðis fylgja vatnaskilum rústamýrasvæðisins við Orravatn. Verndarákvæði væru hliðstæð þeim sem gilda munu um Þjórsárver og Guðlaugstungur.”

Hugmyndir hafa um áraraðir verið um að virkja Jökulsá Austari með gerð miðlunarlóns við Buga. Allar seinni tíma hugmyndir um þá miðlun hafa miðast við að hlífa Orravatnsrústum og svæðinu umhverfis sem er á náttúruminjasrá. Miðað við núverandi tillögu að friðunarmörkum myndi eitt rústasvæði sunnan Orravatns fara undir lónið. Hönnun miðlunar við Buga er á frumhönnunarstigi og því ekki ljóst hver endanleg lónhæð gæti orðið. Landsvirkjun telur því á þessu stigi rétt að draga mörk friðlands nokkru sunnan og vestan við Orravatn og þaðan beint til suðurs í farveg Austari Jökulsár. Með því móti væri langstærsti hluti rústasvæðanna innan friðlandsins og möguleiki væri áfram fyrir miðlun í Bugum vegna Skatastaðavirkjunar. Þannig væru nánast engar rústir á því svæði sem félli utan friðlandsmarka. Eðlilegt væri að fjalla um þessi viðhorf við vinnu 2. áfanga rammaáætlunar.

Sjá meðfylgjandi yfirlitskort af svæðinu.

Friðun á Langasjó og nærliggjandi svæði

Tillaga um friðun á þessu landsvæði er gerð á grundvelli jarðfræðiverndunar. Í tillögunni segir:

“Lagt er til að Langisjór og nánasta umhverfi hans verði friðlýst og fellt inn í Vatnajökulshjódgarð. Langir móbergshryggir úr basalti, myndaðir við sprungugos undir jökli, einkenna svæðið. Eldgjársprungan liggur um svæðið austanvert, en hún er 60 km löng og er lengsta gígaröð sem gosið hefur á landinu á sögulegum tíma. Langisjór og umhverfi hans er þekkt fyrir náttúrufegurð þar sem dökkbrúnt móbergið ásamt svörtum vikrinum frá Veiðivatnagosinu 1477 kallast á við tært fjallavatnið og mosagróður í fjallahlíðum. Á svæðinu er einstakt samspil jarðelds og jökla við mótun landsins.”

Í viðauka kemur fram að markmið með friðlýsingunni sé að friðlýsa svæði sem hefur að geyma einstakar jarðmyndanir og þá einkum móbergshryggi sem hafa búið til og mótað sérstætt landslag, tilkomumikil víðerni og sérstæðar vistgerðir. Svæðið teygir sig langt suðvestur fyrir Langasjó og er yfir 40 km á lengd.

Í minnisblaði sem Kristján Sæmundsson jarðfræðingur hefur unnið fyrir Landsvirkjun um verndargildi móbergshryggjanna við Langasjó á landsvísu segir m.a.

“Að gerð og myndun eru móbergshryggirnir suðvestan Vatnajökuls ekki einstakir. Hið sérstaka við þá er lengdin og landslagið sem þeir móta. Langir og beinir móbergshryggir koma fyrir á Reykjaneskaga (Móhálsar), norður af Kverkfjöllum og í Vestra gosbeltinu norðaustan við Þingvallavatn. Í viðauka við þingsályktunartillögunna

er sagt að einkennissvæði alþjóðlega heitisins tindar í merkingunni móbergshryggur séu hryggirnir á svæðinu sem friða skal. Það er ekki rétt. Þeir eru norðaustan við Þingvelli og í Laugarvatnsfjöllum þar sem eru Tindaskagi, Kálfstindar, Klukkutindar og Skriðutindar.---

Auk móbergshryggja inn af Þingvallasveit og í Laugarvatnsfjöllum eru þar einnig móbergsstapar sem gefa lítið eftir þeim hinum í Norðurgosbeltinu um ferskleika og útlit. Enn eitt sem gefur hryggjum og stöpum austan megin í Þingvallalægðinni gildi umfram Langasjó „og nágrenni“ eru löng misgengi og skörp í landslagi (gjárnar) en slíkt er ekki að finna milli Tungnár og Skaftár. Þetta hafa þeir séð sem unnu skýrslu um „Verndun jarðminja á Íslandi“. Tillögur vegna náttúruverndaráætlunar 2002“ (Helgi Torfason og Ingvar Atli Sigurðsson, 2002). Þar komst Langisjór og hryggirnir umhverfis hann ekki á blað nema smáskiki norðvestast í ferhyrningi kringum Skaftáreldahraun sem þar er lagt til að friða. Hins vegar er þar lagt til að svæði austan Þingvallalægðar með móbergshryggjum, stöpum og dyngjum verði friðað. Vegna jarðfræðinnar sýnist að eðlilegast sé að fylgja þeirri tillögu.”

Í ljósi þessa er að mati Landsvirkjunar engin forsenda fyrir friðlýsingu á grundvelli þess að hér sé um að ræða einstæða jarðmyndun. Í viðauka með tillögunni kemur fram helsta ógn við það náttúrufar svæðisins sem verið er að friða séu virkjunaráform. Að mati Landsvirkjunar er myndun veitulóns innan við Langasjó og gerð jarðganga yfir í Tungnaárdrög ekki á nokkurn hátt ógn við verndargildi svæðisins sem eru fyrst og fremst hinir löngu móbergshryggir. Hugmyndin um þessa tilhögun á veitulóni gæti einmitt verið skynsamleg málamiðlun við að friða Langasjó fyrir mannvirkjagerð og nýta afrennsli jökulsins í vestustu kvíslar Skaftár til orkuvinnslu.

18°40'0"W

18°36'0"W

18°32'0"W

65°50'N

65°40'N


65°20'N




18°28'0"W

18°24'0"W


18°20'0"W





Skatastaðavirkjun tilhögun C á Hofsafrétt - v.
Verndaráætlun 2009 - 2013
Tillaga Umhverfissráðuneytis 2008



Norðlingaölduveita
567.5



Þjórsárver
Tillögur að stækkun friðlands
Innrauð Spot 5 mynd í grunninn.

- Skýringar
-  Rústamýravist
 -  Tillaga nefndar URN mars_2007
 -  Vatnajökulsþjóðgarður
 -  Friðlýst svæði
 -  NVÁ tillag Umhverfissráðun. 2008

18. júní 2009

B.t. Umhverfisnefnd Alþingis

Erindi vegna Náttúruverndaráætlunar 2009 – 2013 v/áforma um að friðlýsa Reynisfjall

Lundavinafélagið í Vík hefur gert samkomulag við sveitarstjórn Mýrdalshrepps um stjórnun og skipulag á lundaveiði í Reynisfjalli að austanverðu. Lundaveiði í Reynisfjalli hefur verið stunduð um langa hríð og verið hluti af hlunnindum og lífsháttum þeirra sem búið hafa í sveitarfélaginu. Flestir þeir sem nú stunda veiðina hafa lært handbrögðin og hófstilla umgengni af feðrum sínum eða öfum sem lærðu af sínum forfeðrum. Allir hafa þeir lagt leið sína um fjallið og kappkostað að ganga vel um.

Lundavinafélagið hefur fylgst grannt með framgangi og þróun lundastofnsins. Veiðistjórnun félagsins byggir á þeirri meginreglu að lundinn njóti vafans. Þannig hefur félagið stýtt veiðitíma þegar ástand stofnsins hefur versnað. Hefur Lundavinafélagið fylgt fordæmi Eyjamanna hin síðari ár. Fylgiskjöl með þessu erindi eru veiðikort 2007 og 2008 þar sem sjá má að þetta er tekið fram við félagsmenn. Að sama skapi sést greinilega að veiðidöum á hvern félagsmann er fækkað úr fimm í þrjá í fyrria. Að sama skapi og félagið lætur lundann njóta vafans, teljum við þennan forna rétt félagsmanna til nytja í fjallinu afar mikils virði og óskum þess að horft verði til þessa réttar við meðferð málsins.

Á undanförunum öldum hefur sambýli brekkubobba og manns verið skaðlaust fyrir báða aðila. Hvönnin dafnar sem aldrei fyrr og hefur þéttleiki hennar og útbreiðsla aukist. Raunar er svo komið að hvönnin er sífellt að vinna ný lönd og er það á kostnað lágróðurs sem virðist ekki þrífast nema í litlu mæli eftir að hvönninn dreifði sér svo mikið sem nú er orðið.

Með friðlýsingu Reynisfjalls eins og nú er áformað er ljóst að lundaveiði leggst af eins og hún er nú stunduð. Lundvinafélagið leggst algerlega gegn þessari friðlýsingu og mótmælir þessum áformum af fullum þunga.

Við tökum undir með sveitarstjórn sem hafnað hefur þessum hugmyndum áður og ítrekað. Við tökum einnig undir með öðrum þeim aðilum sem hafnað hafa þessum áformum áður. Við undrumst jafnframt að þessi hugmynd skuli sífellt endurvakin og eiga greiða leið inn í stjórnsýsluna.


Í ljósi þess hve viðamikil aðgerð er fyrirhuguð í drögum þeim sem kynnt hafa verið í tengslum við Náttúruverndaráætlun 2009 – 2013 telur Lundavinafélagið framkomnar hugmyndir óraunhæfar og hreint út sagt veða að hagsmunum byggðarlagsins sem nú þegar á undir högg að sækja af svo margvíslegum ástæðum.

Brekkubobbin var í Reynisfjalli áður en Ísland var numið af mönnum. Það er ljóst að hann mun verða í fjallinu eftir að byggð leggst af í Vík og á Íslandi. Væri ekki í lagi að gera ráð fyrir manningum í Náttúruverndaráætlun 2009 – 2013 í stað þess að einblína á dýrategundir og plöntur?

Lundavinafélagið harmar að þessi hugmynd skuli enn vera til umfjöllunar og lítur á hana sem aðför að hagsmunum lítils sveitarfélags sem hefur þurft að taka á sig ýmislegt hin síðari ár.

Friðun Reynisfjalls vegna brekkubobba og hvannar er illa ígrunduð og órökstudd hugmynd.

Við hvetjum nefnarmenn til að sína sanngirni og ábyrgð í þessu máli.



f.h. Lundavinafélagsins Eggert Skúlason

Lundakort 2008

			Yfirlit	
1	Karl Runólfsson	10.júl	18.júl	26.júl
2	Sigurður Birgir Baldvinsson			
3	Bjarni Jón Finnsson			
4	Matthías Jón Björnsson	11.júl	19.júl	28.júl
5	Eggert Skúlason			
6	Simon Gunnarsson			
7	Einar Klemensson	12.júl	21.júl	29.júl
8	Magnús Kristjánsson			
9	Björn Friðriksson			
10	Hafsteinn Jóhannesson	14.júl	22.júl	30.júl
11	Magnús Ingólfsson			
12	Sigurður Hjálmarsson			
13	Guðrún Sigurðardóttir	15.júl	23.júl	31.júl
14	Karl Ragnarsson			
15	Málfríður Eggertsdóttir			
16	Sigurður Ævar Harðarson	16.júl	24.júl	1.ágú
17	Guðjón Þ. Guðmundsson			
18	Magnús Orri Sæmundsson			
19	Arni Sigurjónsson	17.júl	25.júl	2.ágú
20	Auðbert Vigfússon			
21	Karl Eyjólfur Karlsson			

Vegna ástands veiðistofnsins hefur verið ákveðið að fylgja Vestmannaeyjum að mestu með veiðitímabil..

Árgjald 2008 Kr. 1000.-

Greiðist á tr. Sigurðar Hjálmarssonar 0317 - 26 - 699 kt. 160252-4729

Lundakort 2007

Sigurður Hjálmarsson

1	Karl Runólfsson	9.júl	17.júl	25.júl	2.ágú	10.ágú
2	Sigurður Birgir Baldvinsson					
3	Bjarni Jón Finnsson					
4	Matthías Jón Björnsson	10.júl	18.júl	26.júl	3.ágú	11.ágú
5	Eggert Skúlason					
6	Símon Gunnarsson					
7	Einar Klemensson	11.júl	19.júl	27.júl	4.ágú	13.ágú
8	Magnús Kristjánsson					
9	Björn Friðriksson					
10	Hafsteinn Jóhannesson	12.júl	20.júl	28.júl	6.ágú	14.ágú
11	Magnús Ingólfsson					
12	Sigurður Hjálmarsson					
13	Guðrún Sigurðardóttir	13.júl	21.júl	30.júl	7.ágú	15.ágú
14	Karl Ragnarsson					
15	Málfríður Eggertsdóttir					
16	Sigurður Ævar Harðarson	14.júl	23.júl	31.júl	8.ágú	16.ágú
17	Guðjón Þ. Guðmundsson					
18	Magnús Orri Sæmundsson					
19	Arni Sigurjónsson	16.júl	24.júl	1.ágú	9.ágú	17.ágú
20	Auðbert Vigfússon					
21	Karl Eyjólfur Karlsson					

Vegna ástands veiðistofnsins hefur verið ákveðið að stytta veiðitímann árið 2007 í 6 vikur.

Árgjald 2007 Kr. 1000.- Greiðist á tr. Sigurðar Hjálmarssonar 0317 - 26 - 699 kt. 160252-4729

Alþingi
Erindi nr. P 137/300
komudagur 19.6.2009

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 25. júní 2009
nr. erindis 200906085 tgg

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009

Samkvæmt lögum um náttúruvernd, skal umhverfisráðherra láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt á fimm ára fresti og leggja hana fyrir Alþingi. Í áætluninni eiga að vera sem gleggstar upplýsingar um þær náttúruminjar sem Alþingi þykir ástæða til að friðlýsa á hverjum tíma. Því er um að ræða stefnu stjórnvalda í náttúruverndarmálum og fyrsta skref í þá átt að koma á fót skipulegu neti verndarsvæða hér á landi til að tryggja lágmarksvernd líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni. Sveitarfélögum er eftir sem áður heimilt að stuðla að og vinna að friðlýsingu náttúruvætta á sínu svæði í samvinnu við Umhverfisstofnun og Umhverfisráðuneytið.

Fyrirkomulagi athugasemda við þingsályktunartillöguna virðist vera að einhverju leyti ábótavant þar sem svo virðist sem óskað sé eftir athugasemdum á lokastigi ferlisins. Mætti að ósekju gefa sveitarfélögum tækifæri til að koma með athugasemdir eða umsagnir á fyrri stigum málsins, áður en fullmótaðar tillögur um friðlýsingar ákveðinna svæða liggja fyrir. Með þeim hætti gæfist sveitarfélögum tækifæri til að tilnefna svæði sem þau telja eiga heima á lista um fyrirhugaðar friðlýsingar, þannig að mögulegt sé að uppfæra listann, séu fyrir því gild rök.

Í Mosfellsbæ er að finna mörg svæði sem vert væri að friðlýsa og því er mikilvægt að Mosfellsbær hafi tækifæri til að upplýsa viðkomandi aðila sem koma að gerð náttúruverndaráætlana um mögulegar tilnefningar í bæjarfélaginu. Í samræmi við Aðalskipulag Mosfellsbæjar er nú unnið að friðlýsingu Tröllafoss og Helgufoss í Mosfellsbæ, auk þess sem kannaðir verða möguleikar á friðun fleiri svæða eins og fram kemur í aðalskipulaginu.

Mosfellsbær telur að öðru leyti ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við umrædda þingsáætlunartillögu.

Virðingarfyllst,



Tómas Guðberg Gíslason
Umhverfisstjóri



Nefndarsvið Alþingis
b.t. Umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/425
komudagur 25.6.2009

Mosfellsbæ, 25. júní 2009
nr. erindis 200906085 tgg

Efni: Umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009

Samkvæmt lögum um náttúruvernd, skal umhverfisráðherra láta vinna náttúruverndaráætlun fyrir landið allt á fimm ára fresti og leggja hana fyrir Alþingi. Í áætluninni eiga að vera sem gleggstar upplýsingar um þær náttúruminjar sem Alþingi þykir ástæða til að friðlýsa á hverjum tíma.

Því er um að ræða stefnu stjórnvalda í náttúruverndarmálum og fyrsta skref í þá átt að koma á fót skipulegu neti verndarsvæða hér á landi til að tryggja lágmarksvernd líffræðilegrar og jarðfræðilegrar fjölbreytni.

Sveitarfélögum er eftir sem áður heimilt að stuðla að og vinna að friðlýsingu náttúruvætta á sínu svæði í samvinnu við Umhverfisstofnun og Umhverfisráðuneytið.

Fyrirkomulagi athugasemda við þingsályktunartillöguna virðist vera að einhverju leyti ábótavant þar sem svo virðist sem óskað sé eftir athugasemdum á lokastigi ferlisins. Mætti að ósekju gefa sveitarfélögum tækifæri til að koma með athugasemdir eða umsagnir á fyrri stigum málsins, áður en fullmótaðar tillögur um friðlýsingar ákveðinna svæða liggja fyrir. Með þeim hætti gæfist sveitarfélögum tækifæri til að tilnefna svæði sem þau telja eiga heima á lista um fyrirhugaðar friðlýsingar, þannig að mögulegt sé að uppfæra listann, séu fyrir því gild rök.

Í Mosfellsbæ er að finna mörg svæði sem vert væri að friðlýsa og því er mikilvægt að Mosfellsbær hafi tækifæri til að upplýsa viðkomandi aðila sem koma að gerð náttúruverndaráætlana um mögulegar tilnefningar í bæjarfélaginu. Í samræmi við Aðalskipulag Mosfellsbæjar er nú unnið að friðlýsingu Tröllafoss og Helgufoss í Mosfellsbæ, auk þess sem kannaðir verða möguleikar á friðun fleiri svæða eins og fram kemur í aðalskipulaginu.

Mosfellsbær telur að öðru leyti ekki ástæðu til þess að gera athugasemdir við umrædda þingsáætlunartillögu.

Virðingarfyllt,

Tómas Guðberg Gíslason
Umhverfisstjóri



Mýrdalshreppur

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/249
komudagur 18.6.2009

Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

447-III-2 Náttúruverndaráætlun.docx

Vík, 17. júní 2009

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps 26. febrúar 2009 var fjallað um ofangreinda tillögu. Eftirfarandi umsögn samþykkt.

Sveitarstjórn leggst gegn friðlýsingu hvannstöðs undir Reynisfjalli þar sem ekki verður séð að hvönn eða brekkubobba sé nokkur hættu búin af manna völdum og skiptar skoðanir eru meðal íbúa um ágæti friðlýsinga sem þegar eru í gildi í Mýrdalshreppi.

Tillagan dagaði uppi á fyrra þingi en er nú afturgengin. Ekki er að sjá að tillit hafi verið tekin til ofangreindrar umsagnar sveitarstjórnar áður en málið var lagt aftur fyrir Alþingi og má því spyrja hvernig háttáð sé því samráði við landeigendur og sveitarstjórnir sem ráðherra gat um í framsögu sinni.

Í tillögunni kemur fram að engar ógnir steðji að brekkubobbanum í hlíðum Reynisfjalls en engu að síður er gerð tillaga um að friðlýsa umtalsvert svæði sem samkvæmt korti nær inn á íbúðarhúsalóðir í Vík og samkvæmt texta innifelur jafnvel hálfa byggðina í Vík.

Í samræmi við ofanritað er umhverfisnefnd eindregið hvött til að taka tillit til sjónarmiða sveitarstjórnar og falla frá áformum um friðlýsingu hvannstöðs í Reynisfjalli

Virðingarfyllst.

Sveinn Pálsson
sveitarstjóri

Sveitarstjóri Mýrdalshrepps



Mýrdalshreppur

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/103
komudagur 5.6.2009

Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

443-III-6 Náttúruverndaráætlun

Vfk, 26. febrúar 2009


52. mail

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps fyrr í dag var eftirfarandi umsögn samþykkt.

Sveitarstjórn leggst gegn friðlýsingu hvannstöðs undir Reynisfjalli þar sem ekki verður séð að hvönn eða brekkubobba sé nokkur hættu búin af manna völdum og skiptar skoðanir eru meðal íbúa um ágæti friðlýsinga sem þegar eru í gildi í Mýrdalshreppi.

Þetta tilkynnist hér með.

Sveitarstjóri Mýrdalshrepps


Sveinn Pálsson
sveitarstjóri



Náttúrufræðistofa Kópavogs
Hamraborg 6-A, 200 Kópavogur
www.natkop.is

Alþingi
Erindi nr. P 137/130
komudagur 9.6.2009

Kópavogi, 8. júní 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8–10
150 Reykjavík

Varðar: Umsögn um tillögu að þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009–2013, 52. mál.

Náttúrufræðistofa Kópavogs þakkar umhverfisnefnd Alþingis fyrir tækifærið til að fjalla um framangreinda þingsályktunartillögu. Litið er á það tækifæri sem mikilvægan lið í lýðræðislegum og faglegum vinnubrögðum á vegum Alþingis.

Tilkomu náttúruverndaráætlunar 2009–2013 er fagnað og vonandi ber Alþingi Íslendinga gæfa til að samþykkja áætlunina sem fyrst og án tilslökunar m.t.t. verndun náttúrunnar. Aldrei hefur verið brýnna að standa vörð um náttúruna í ljósi vaxandi álags og ásóknar af margvíslegu tagi, svo sem í tengslum við ferðamennsku, raforkuframleiðslu, vegagerð og fleira. Náttúruauðlindum á Íslandi stafar einnig hætta af hnattrænum breytingum í umhverfinu, einkum vegna hlýnunar loftslags.

Athugasemdir Náttúrufræðistofu Kópavogs við náttúruverndaráætlun 2009–2013 eru á almennum nótum og snúast um aðferðafræði og það sem ekki hefur verið sett á blað, hvorki í núverandi tillögu né í náttúruverndaráætlun 2004–2008 sem Alþingi samþykkti í maí 2004.

Umsögn þessi er samhljóða umsögn þeirri sem Náttúrufræðistofan sendi Umhverfisnefnd Alþingis í janúar 2009 við fyrri meðhöndlun þingsins á tillögunni.

Umfjöllun – athugasemdir

Í athugasemdum sem Náttúrufræðistofa Kópavogs gerði við drög Umhverfisstofnunar að náttúruverndaráætlun 2004–2008 (sbr. erindi til Umhverfisstofnunar dags. 3. júní 2003) var einkum fundið að því hve lítinn sess eindregin vatnavistkerfi og vatnalífverur skipuðu í náttúruverndaráætluninni. Athugasemdirnar mótuðust eðlilega af því sérfræðisviði sem Náttúrufræðistofan vinnur á, þ.e. vatnavistfræði.

Í náttúruverndaráætlun 2004–2008, þar sem stefnt er að friðlýsingu á 14 svæðum auk stofnunar á Vatnajökulsþjóðgarði, er ekki að finna neitt svæði þar sem friðlýsing grundvallast

á tilvísun í mikilvægi verndunar vegna vatnavistfræðilegra eða vatnalíffræðilegra þátta. Benda má á í þessu sambandi að orðið fiskur og stöðuvatn finnast ekki í neinni tillögunni. Aftur á móti helgast friðlýsing allra svæðanna 14 út frá verndarhagsmunum tengdum fuglum, einkum sjófuglum og öðrum fuglategundum sem nýta sjávarsíðuna. Auk þess var áhersla lögð á forsendur sem tengjast verndun plöntutegunda og mikilvægustu flokka íslenskra jarðminja.

Enda þótt nokkrar af þeim fuglategundum sem áhersla er lögð á að vernda í náttúruverndaráætlun 2004–2008 teljist til hóps votlendisfugla og að verndun svæðanna sem fuglarnir nýta flokkist þ.a.l. undir svið vatnasvistfræði og vatnalíffræði, þá breytir það ekki hinu að verndarforsendur eru aðrar en þær sem gilda um verndun eindreginna vatnalífvera á borð við fiska og aðrar lífverur sem alla allan sinn aldur ofan í vatni.

Skemmst er frá því að segja að í náttúruverndaráætlun 2009–2013, þar sem fjallað er um 13 svæði, er ekki heldur að finna neina friðlýsingu sem grundvallast á eindregnum vatnavistfræðilegum og eða vatnalíffræðilegum forsendum, fyrir utan eitt svæði, þ.e. á Innri-Hálsum í Berufirði en þar í tjörnnum ku vera eina búsvæði tjarnarklukku (*Agabus uliginosus*) á Íslandi. Tillagan að friðlýsingu tjarnaklukkunnar er góðra gjalda verð, en um leið varpar hún ljósi á helsta veikleika í aðferðafræðinni að baki gerð náttúruverndaráætlunarinnar.

Veikleiki í aðferðafræði

Helsti veikileikinn í aðferðafræði náttúruverndaráætlunarinnar felst í því verklagi hjá Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun, þeim tveimur stofnunum sem lögum skv. bera hitann og þungann af gerð náttúruverndaráætlanna, að vinna nær alfarið með gagnagrunna í forum Náttúrufræðistofnunar sem meginforsendu við ákvörðun á svæðum og tegundum lífvera sem tíundaðar eru í náttúruverndaráætlunum.

Þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands vinnur fyrst og fremst á sviði jarðfræði og þurrlendisvistkerfa sem taka til gróðurs, jarðskordýra og einkum fugla, en sinnir lífríki sjávar og ferskvatns með mjög takmörkuðum hætti, hafa síðastnefndu tveir lífríkisþættirnir orðið útundan í þeim tveimur náttúruverndaráætlunum sem lagðar hafa verið fram.

Ekki þarf að fara í grafgötur um mikilvægi þess að huga sérstaklega að verndun þess sem lýtur að ferskvatni á Íslandi. Nægir að benda á ákvæði í 37.gr. laga um náttúruvernd (44/1999), en þar eru atriði sem tengjast vatnalífríki fyrirferðarmikil:

„37. gr. Sérstök vernd.

Eftirtaldar [jarðmyndanir og vistkerfi]1) njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er:

- a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,
- b. stöðuvötn og tjarnir, 1.000 m² að stærð eða stærri,
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri,
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður, 100 m² að stærð eða stærri,
- e. sjávarfitjar og leirur.“

Í ljósi þess hve erfiðlega hefur gengið að ná fram meginmarkmiðum með náttúruverndaráætlun 2004–2008, þ.e.a.s. að fimm ár eru liðin frá samþykkt síðustu náttúruverndaráætlunar og einungis eitt svæði hafði verið friðlýst í árslok 2008, þá er það enn frekar áhyggjuefni að hvorki í núverandi náttúruverndaráætlun né í þeirri sem fyrirhuguð er á tímabilinu 2014–2018 skuli vera hugað sérstaklega að vistkerfum ferskvatns og vatnalífverum. Þetta er í engu samræmi við verndaráherslur í áðurnefndri lagagrein. Þetta samræmist heldur ekki áherslum í tengslum við ferskvatn sem tífundaðar eru í stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilegan fjölbreytileika sem ríkisstjórnin samþykkti í ágúst 2008.

Forgangsröðun af hálfu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar á svæðum og tegundum lífvera í tengslum við náttúruverndaráætlun er eðlileg upp að vissu marki. Eins og áður sagði veldur það hins vegar verulegum áhyggjum að í næstu og þarnaestu náttúruverndaráætlun skuli ekki vera gert ráð fyrir verndun svæða og lífvera með beinni skírskotun til vatnavistfræði- og vatnalíffræðilegra atriða. Með öðrum orðum þá lítur út fyrir að verndun á grundvelli síðastnefndu atriða komi fyrst til álita 15-20 árum eftir að fyrsta náttúruverndaráætlun tók gildi!

Náttúrufræðistofa Kópavogs býr yfir viðamiklum upplýsingum á sviði vatnavistfræði og hefur ásamt samstarfsaðilum aðgang að víðtækum og öflugum gagnagrunnum á því sviði. Stofnunin er reiðubúin til viðræðna við Náttúrufræðistofnun Íslands (sbr. 65. gr., lög nr. 44/1999) um nýtingu þessara gagna hið fyrsta, jafnt í sambandi við gerð núverandi náttúruverndaráætlunar sem þeirrar næstu.

Engum blöðum er um það að fletta að fjölmörg fyrirbæri í vatnalífriki Íslands, bæði heil vistkerfi og einstakar tegundir, eru engu minna verndar þurfi, svo ekki sé fastar að orði kveðið, en áðurnefnd tjarnarklukka og búsvæði hennar austur á fjörðum.

Virðingarfyllst,

Dr. Hilmar J. Malmquist forstöðumaður.

Alþingi
Erindi nr. P 137/282
komudagur 18.6.2009

Umhverfisnefnd Alþingis
Hildur Eva Sigurðardóttir
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. júní 2009
2009010017/41-2
TB
jgo/tb

Náttúruverndaráætlun 2009-2013

Vísað er til bréfs frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 5. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðisöfnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um Náttúruverndaráætlun 2009-2013, 52. mál.


Náttúrufræðistofnun Íslands styður eindregið framlagða tillögu til þingsályktunar. Tillagan er samhljóða fyrri tillögu frá 136. þingi 192. mál og vísar Náttúrufræðistofnun því í fyrri umsögn sína, sjá meðfylgjandi bréf til umhverfisnefndar Alþingis frá 12. janúar sl. Stofnunin vill sérstaklega benda á gerðar voru athugasemdir við mörk tveggja svæða eins og þau voru þá og eru enn í framlagðri tillögu til þingsályktunar. Í fyrsta lagi telur stofnunin að laga eigi mörk fyrir stækkun friðlandsins í Þjórsárverum að þeim mörkum sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til. Þetta á sérstaklega við mörkin til austurs, sjá skýrslu Náttúrufræðistofnunar á meðfylgjandi vefslóð, en þau ná lengra til austurs til að ná yfir rústarmýravistir og annað votlendi, sbr. markmið friðlýsingarinnar. Séu mörkin ekki færð verða um 70 ha af rústarmýravistum utan friðlandsins. Í öðru lagi telur Náttúrufræðistofnun að eðlilegri mörk fyrir friðun Langasjávar sé Tungná til norðurs og vesturs. Fyrir þessu er aðallega þrjár ástæður. Í fyrsta lagi nást inn fleiri móbergshryggir, í öðru lagi verður landslagsheild svæðisins mun heilsteyptari og í þriðja lagi verður til stærra verndað víðerni.

Náttúrufræðistofnun Íslands er reiðubúin til að mæta á fund umhverfisnefndar Alþingis vegna náttúruverndaráætlunar 2009-2013 sé þess óskað. Á eftirfarandi vefslóð http://www.ni.is/media/midlunogthjonusta/utgafa/skyrslur_2008/NI-08008.pdf má finna




skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands Verndun svæða, vistgerða og tegunda. Tillögur
Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna náttúruverndaráætlunar 2009-2013.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: bréf Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 12. janúar 2009, Náttúruverndaráætlun
2009-2013.



Umhverfisnefnd Alþingis
Hildur Eva Sigurðardóttir
nefndaritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. janúar 2009
2008120012/42-1-3
TB
jgo/tb

Náttúruverndaráætlun 2009-2013, þingsályktunartillaga

Vísað er til bréfs frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 11. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 192. mál.

Almennt um náttúruverndaráætlun 2009-2013

Náttúrufræðistofnun Íslands styður eindregið framangreinda þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Áætlunin er sett fram skv. 65. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og byggir m.a. á tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands og upplýsingum úr gagnagrunnum stofnunarinnar, sbr. meðfylgjandi skýrslu, *Verndun svæða, vistgerða og tegunda, Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna náttúruverndaráætlunar 2009-2013 NI-08008*. Tilgangur náttúruverndaráætlunar er að koma upp neti verndarsvæða sem tryggja vendun náttúru Íslands og ýmsa þætti hennar svo sem líffræðilega fjölbreytni, landslag, jarðminjar, vistgerðir og vistkerfi. Náttúruverndaráætlunin byggir á aðferðafræði sem hefur verið þróuð á alþjóðavettvangi í samræmi við aðalþjóða samninga á þessu sviði og gerir ráð fyrir að net verndarsvæða, jaðarsvæða þeirra og tengsl milli þeirra viðhaldi eðlilegri viðkomu t.d. lífríkis í náttúru Íslands. Aðferðafræðin gerir einnig ráð fyrir að vernda það sem er sérstætt og sögulegt, útivistarsvæði, jarðminjar, landslagsheildir og víðerni. Þeir alþjóðasamningar sem helst er stuðst við hvað varðar viðmið og viðföng eru Ríósamningurinn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, Bernarsamningurinn um vernd villtrar náttúru í Evrópu og Ramsarsamningurinn um vernd votlendis.

Aðferðafræðin byggir á vísindalegri úttekt á náttúru Íslands, rannsóknnum, vöktun og mati á mikilvægi, náttúruverndargildi, einstakra svæða. Sérstaklega er tekið tillit til þess hvort vistgerðir og tegundir eða búsvæði þeirra eru í hættu sbr. t.d. valista plantna og fugla. Til grundvallar eru lögð viðurkennd viðmið Alþjóða náttúruverndarsamtakanna, IUCN, um tegundir í hættu. Þessi aðferðafræði var fyrst notuð hér á landi við gerð fyrri náttúruverndaráætlunar 2004-2008 en í þeirri áætlun voru fyrst og fremst, hvað lífríki varðar, valin alþjóðlega mikilvæg búsvæði fuglategunda sem verndarsvæði auk nokkurra plöntu- og jarðfræðisvæða.



Í náttúruverndaráætlun 2009-2013 er áhersla lögð á vernd búsvæða plantna og vernd plöntutegunda í samræmi við valista sem gefinn er út af Náttúrufræðistofnun Íslands. Það sem er hins vegar alveg nýtt fyrir Ísland í náttúruverndaráætlun 2009-2013 er að nú, í fyrsta skipti, er lagt til að vernda búsvæði nokkurra smádýrategunda, skordýra, og vistgerðir á hálendinu. Að lokum er lagt til að vernda eitt svæði vegna jarðmyndana og stórbrotinnar landslagsheildar, Langisjór. Vert er að benda á að alþjóðasamfélagið hefur ákveðið að reyna að stöðva tap á líffræðilegri fjölbreytni fyrir árið 2010. Þó ekki séu margar einlendar tegundir á Íslandi, þ.e. tegundir eða afbrigði tegunda sem ekki finnast annarsstaðar, þá er öruggt að svo er í meira magni en nú er vitað sbr. fund nýrra smádýrategunda vegna rannsókna við Kárahnjúka. Í ljósi þessa er mikilvægt að flokka náttúru Íslands í vistgerðir og fá þannig heildarmynd af náttúru landsins og friðlýsa úrval-vistgerða bæði vegna þess sem er þekkt en einnig vegna þess að mjög líklegt má telja að þar leynist ófundið lífríki, ófundin náttúruverðmæti.

Öflun upplýsinga um náttúru Íslands, vöktun, rannsóknir og kortlagning og flokkun náttúrunnar m.a. í vistgerðir eru hornsteinar að allri ákvarðanatöku, umræðu og faglegu mati á náttúru landsins. Náttúrufræðistofnun Íslands telur afar mikilvægt í ljósi stöðu efnahagsmála að ekki komi rof í öflun þekkingar en það mun til framtíðar spara bæði ríkisvaldinu og einkafyrirtækjum mikla fjármuni og gera alla vinnu við náttúru- og umhverfisverndarmál faglegri. Ísland er að mörgu leyti langt á eftir öðrum löndum í Evrópu hvað varðar flokkun náttúrunnar t.d. í vistgerðir. Engin vistgerðaflokkun hefur t.d. farið fram á láglandi nema í tengslum við einstakar framkvæmdir. En álag á náttúruna er oft mest á láglandi sbr. vegalagning, þéttbýlismyndun, skógrækt og landbúnaður.

Í framhaldi af þeirri náttúruverndaráætlun sem hér er til umfjöllunar leggur Náttúrufræðistofnun Íslands til að farið verði út í skipulega vinnu við að meta hvar náttúruminjar sem eru verndarþurfi njóta ekki nægjanlegrar verndar í neti svæða sem nú eru friðlýst og verða friðlýst. Það er gert með aðferð sem kallast gloppugreining (Gap Analysis) sem m.a. samningurinn um líffræðilega fjölbreytni hefur mótað. Hún felst í stuttu máli í því að skilgreina hvaða náttúruminjar eru í mestri verndarþörf og setja töluleg markmið um verndun þeirra. Í kjölfarið þarf að rannsaka og kortleggja hvort og hvar þessar tilteknu náttúruminjar njóta verndar í dag og upplýsingarnar eru svo notaðar til að finna hvar gloppurnar eru. Að lokum þarf að forgangsraða hvar mest er þörf á að fylla í götin, gera um það tillögur í náttúruverndaráætlun og að henni samþykktri grípa til aðgerða. Afar mikilvægt er að markmið friðlýsinga séu skýr þannig að hægt sé að vakta árangur og meta hvernig til tekst. Þessu hefur alls ekki verið fylgt nægjanlega vel eftir undanfana áratugi vegna fjárskorts.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur eðlilegt að náttúruverndaráætlun verði í framtíðinni tengd við alþjóðleg net friðlýstra svæða. Ísland er aðili að mörgum alþjóðlegum samningum um náttúruvernd, m.a. Ríósamningnum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, Ramsarsamningnum um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf og Bernarsamningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða þeirra í Evrópu. Sá síðastnefndi er grunnur að náttúruverndarlöggjöf aðildarríkja samningsins og ræður miklu um hvernig staðið er að skráningu, flokkun og vöktun náttúrunnar og vernd tegunda og vistgerða. Samfara ofangreindu þarf að leggja ríkari áherslu á flokkun jarðminja, landslags og víðerna og viskerfa og samspil þessara þátta til viðhalds náttúru landsins og nýtingu auðlinda þess.

Náttúrufræðistofnun Íslands leggur áherslu á að við gerð friðlýsingarskilmála fyrir hvert svæði sé markmið friðlýsingarinnar skýrt og að fram komi með hvaða hætti á að vakta svæðin



svo hægt sé að fylgjast með framvindu þeirra. Mikið hefur skort á að friðlýst svæði hafi verið kortlögð og vöktuð á undaförnum áratugum. Þó má nefna að svæði eins og Þjórsárver og Mývatn og Laxá njóta sérstöðu hvað þetta varðar en hluta af þeirri vinnu má skrifa á þörf fyrir upplýsingar vegna ýmissa fyrirhugaðra framkvæmda.

Athugasemdir við einstök svæði

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir athugasemdir við mörk tveggja svæða eins og þau eru birt í náttúruverndaráætlun 2009-2013. Í fyrsta lagi telur stofnunin að laga eigi mörk fyrir stækkun friðlandsins í Þjórsárverum að þeim mörkum sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til. Þetta á sérstaklega við mörkin til austurs, sjá meðfylgjandi skýrslu, en þau ná lengra til austurs til að ná yfir rústarmýravistir og annað votlendi, sbr. markmið friðlýsingarinnar. Séu mörkin ekki færð verða um 70 ha af rústarmýravistum utan friðlandsins.

Í öðru lagi telur Náttúrufræðistofnun að eðlilegri mörk fyrir friðun Langasjávar sé Tungná til norðurs og vesturs. Fyrir þessu er aðallega þrjár ástæður. Í fyrsta lagi nást inn fleiri móbergshryggir, í öðru lagi verður landslagsheild svæðisins mun heildsteyptari og í þriðja lagi verður til stærra verndað víðerni.


Að auki vill Náttúrufræðistofnun benda á að kort á bls. 26 í þingsályktunartillögunni fyrir Undirhlíðar í Nesjum, búsvæði tröllasmiðs, er ekki rétt heldur er um að ræða sama kort og er á bls. 28. Þetta þarf að leiðrétta og setja inn rétt kort.

Náttúrufræðistofnun Íslands er reiðubúin til að mæta á fund umhverfisnefndar Alþingis vegna náttúruverndaráætlunar 2009-2013 sé þess óskað.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Skýrsla Náttúrufræðistofnunar Íslands (10 eintök) *Vernd, svæða, vistgerða og tegunda, Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna náttúruverndaráætlunar 2009-2013, NÍ-08008*



19. júní 2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn og athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009- 2013, 52 mál.

Stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands (NSS) hefur kynnt sér tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009- 2013.

Starfssvæði samtakanna er Árnes- Rangárvalla- og V- Skaftafellssýsla og miðast umsögn NSS við það landssvæði. Stjórn NSS fagnar framkominni tillögu, svo langt sem hún nær, en vill gera eftirfarandi athugasemdir:

Kafli II Dýrasvæði.

c liður. Hvannstóð undir Reynisfjalli. Búsvæði brekkubobba.

Á bls 28 er sagt; *Ógnir: engar yfirvofandi.*

NSS vekur athygli á að áform um vegaframkvæmdir og jarðgöng gegn um Reynisfjall geta hugsanlega verið ógn við dýralíf í hvannstöðinu þar sem viðbúið er að um mikið rask verði að ræða á jarðvegi og gróðri í fjallshlíðinni ef til framkvæmda kemur.

Kafli III Vistgerðir á hálendinu

a liður. Rústamýravist

NSS fagnar tillögu um stækkun friðlands í Þjórsárverum og leggur mikla áherslu á að tillagan verði sem fyrst að veruleika og þannig aflétt þeirri ógn sem svæðinu stafar af virkjanaáformum.

b liður. Breiskjuhraunavist

Svæði í Skaftártungu og á Síðuafretti (sem verða hluti af Vatnajökulspjóðgarði)

NSS leggur áherslu á að mun stærra svæði á Síðuafretti en tillagan kveður á um verði sem fyrst hluti af Vatnajökulspjóðgarði, þ.e. allur efri hluti Skaftáreldahraunsins milli Hverfisfjólts og Skaftár. Um er að ræða merkar heimsminjar og mikilvægt er að vernda þetta svæði sem heild vegna þeirrar hættu sem því getur stafað af ágangi, jarðraski og virkjanaframkvæmdum.

Kafli IV Jarðfræðisvæði

a liður. Langisjór og nágrenni (verður hluti af Vatnajökulspjóðgarði)

NSS leggur áherslu á að vesturmörk svæðisins nái að a.m.k. að Tungnaá þannig að öll Tungnaárfjöllin verði innan Vatnajökulspjóðgarðs. Ennfremur er bent á Snjóöldufjallgarð og Veiðivötn vestan Tungnaár. Allt þetta svæði myndar jarðfræðilega heild og er merkilegt og einstætt á lands- og heimsvísu.

NSS vekur einnig athygli á að syðri hluti Eldgjár er utan svæðisins sem lagt er til að verði friðað. Það svæði ekki síður merkileg jarðmyndun en norðurhlutinn og ætti sem fyrst að verða hluti af Friðlandi að fjallabaki ásamt Mælifellssandi og nærliggjandi svæðum.

Öllum fyrmefndum svæðum stendur mikil ógn af virkjanaáformum.

Virðingarfyllst,


f.h. stjórnar Náttúruverndarsamtaka Suðurlands
Ólafía Jakobsdóttir formaður.

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/246
komudagur 18.6.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjanesbæ, 12. júní 2009
Tilvísun: 2009060104


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013

Á bls. 16 D. lið er talað um Reykjanes-Eldvörp og Hafnarberg og sagt að talið sé að friðlýsing nái ekki fram að ganga að svo stöddu en þessi svæði eru núna á náttúruminjaskrá.

Þar sem ekki er verið að taka þessi svæði fyrir núna í náttúruverndaráætlun þá gerir Reykjanesbær ekki athugasemdir við frumvarpið í heild sinni.

Kveðjur

f.h. Reykjanesbæjar

 Reykjanesbær
Framkvæmdastjóri
Umhverfis- og
Skipulagssviðs
Guðlaugur H. Sigurjónsson
Guðlaugur H. Sigurjónsson
Framkvæmdastjóri Umhverfis- og skipulagssviðs



Borgarstjórnin í Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/315
komudagur 22.6.2009

Reykjavík, 18. júní 2009

R09060037

175

ÓKH/jb

Alþingi - umhverfisnefnd

Þórshamri
150 REYKJAVÍK

Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun - umsögn

Á fundi borgarráðs í dag var lagt fram bréf borgarlögmans frá 15. þ.m. ásamt umsögn umhverfis- og samgöngusviðs, um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti.

Ólafur Kr. Hjörleifsson
e.u.



Reykjavíkurborg
borgarlögmaður

Reykjavík, 15. júní 2009
R09060037
175
EKG

Borgarráð

Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 - 2013, 52. mál.

Umhverfisnefnd Alþingis hefur óskað umsagnar Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 - 2013, 52. mál.

Borgarlögmaður óskaði eftir umsögn Umhverfis- og samgöngusviðs um tillöguna og er hún meðfylgjandi. Borgarlögmaður mælir með því að borgarráð geri hana að sinni.

F.h. borgarlögmans

Eyþóra Kristín Geirsdóttir hdl.

Hjálagt:

Umsögn Umhverfis- og samgöngusviðs 15. júní 2009.



Reykjavíkurborg
Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík.

15. júní 2009.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúrverndaráætlun 2009-2013, 52. mál.

Visað er til orðsendingar borgarlögmans dags. 9. júní s.l. þar sem þess er óskað að Umhverfis- og samgöngusvið geri umsögn fyrir borgarráð um ofangreint mál.

Þingsályktunin gerir ráð fyrir að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu 13 svæða á landinu til að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd. Ekkert þessara svæða fellur innan borgarmarka Reykjavíkur.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er gerð grein fyrir framkvæmd náttúrverndaráætlunar þeirra, sem nú er í gildi og eru svæðið Álftanes – Skerjafjörður, fjara og grunnsævi, eitt þeirra svæða, sem stefnt var að friðlýsingu á. Í greinargerðinni kemur fram, að hugsanlegt sé, að af þeirri friðlýsingu geti orðið á árinu 2009. Í fyrri umsögnum borgarinnar um þá áætlun og endurskoðun hennar 2004-2008 var ekki gerð athugasemd við að umrætt svæði væri inni í áætluninni, en lögð áhersla á, að þar sem friðun felur í sér skorður við landnotkun á svæðinu, myndi borgin taka afstöðu til einstakra friðunartillagna þegar þær lögju fyrir. Þá lagði borgin ríka áherslu á samráð í umsögnum sínum (Borgarlögmaður og Umhverfis- og heilbrigðisstofa). Um Skerjafjörðinn var síðan fjallað á sérstakri ráðstefnu um hann í janúar 2007.

Umhverfisstofnun sendi borginni erindi 7. ágúst s.l., þar sem spurt var um vilja hennar til samstarfs um friðlýsingu Skerjafjarðar og vilja til að ljúka málinu. Í september samþykkti Umhverfis- og samgönguráð tillögu Umhverfis- og samgöngusviðs um að ganga til samstarfs við Umhverfisstofnun um málið. Þann 27. október s.l. var síðan samráðsfundur með þeim 5 sveitarfélögum sem málið heyrir til. Þar komu fram efasemdir um friðunina hjá 3 sveitarfélögum (Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes).

Reykjavíkurborg hefur lýst vilja til samstarfs um friðun Skerjafjarðar. Hins vegar bendir borgin á, og ítrekar það, að borgaryfirvöld munu taka afstöðu til fyrirbyggjandi tillagna, þegar þær koma fram. Reykjavíkurborg bendir á, að Skerjafjörður hefur oft verið nefndur sem framtíðarflugvallastæði fyrir innanlandsflug í Reykjavík og hefur það mál ekki verið útkljáð enn. Óheppilegt væri að útkljá framtíð flugvallarins með ákvörðun um friðlýsingu fjarðarins. Þá bendir Reykjavíkurborg á, að endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur fer nú fram og þar hefur ekki verið tekin afstaða til friðlýsingarinnar, en samkvæmt núgildandi skipulagi nýtur strönd Skerjafjarðar hverfisvernd.

Með tilliti til þess, að friðlýsing Skerjafjarðar gæti haft mikil áhrif til góðs á fuglalíf á svæðinu, væri æskilegt að Umhverfisstofnun gerði grein fyrir tillögu að friðlýsingu fjarðarins



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og samgöngusvið

að hluta og eftir atvikum í áföngum, þar sem ljóst er að sum sveitarfélög við hann gætu fallist á friðlýsingu í sínum lögsagnarumdæmum. Reykjavíkurborg myndi taka þannig tillögu til jákvæðrar athugunar.

Virðingarfyllst,

Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri.



Alþingi
Erindi nr. P 137/753
komudagur 2.9.2009

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi umhverfisnefnd
b.t Hildar Evu Sigurðardóttur
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 31. ágúst 2009

0906011SA KB/gk
Málalykill: 382

Efni: Þingsályktunartillaga um náttúruverndaráætlun 2009-2013

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 28. ágúst 2009 var eftirfarandi samþykkt gerð:


Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga gagnrýnir harðlega afgreiðslu umhverfisnefndar Alþingis á þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2009–2013 og telur óásættanlegt að svo mikilvæg mál séu afgreidd úr þingnefnd án þess að tekin sé rökstudd afstaða til athugasemda sveitarfélaga og samtaka þeirra til málsins.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 137/266
komudagur 19.6.2009

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 18. júní 2009

0906011SA GB
Málalykill: 382

Efni: Umsögn um tillögu til þál. um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 52. mál

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 5. júní 2009, þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál.

1. Almennar athugasemdir við þingsályktunartillöguna

Samhljóða tillaga var flutt á vörþingi 2009 en ekki náðist að afgreiða málið þá. Sambandið vísar til umsagnar, dags. 26. janúar 2009, þar sem gerðar eru almennar athugasemdir um verklag við gerð náttúruverndaráætlunar, framkvæmd gildandi áætlunar, tengsl við aðrar opinberar áætlanir og nánast algeran skort á samráði og kynningu áður en þingsályktunartillagan var lögð fram á Alþingi.


Einnig er bent á í umsögninni að fjöldi og stærð friðaðra svæða hér á landi er tiltölulega mikill og því er mikil hættu á því að það takmarkaða fjármagn sem varið er til náttúruverndar nýtist ekki sem skyldi. Þannig blasir við að margar helstu náttúruperlur þjóðarinnar eru undir of miklu álagi af völdum ferðamanna og er í umsögninni kallað eftir skýrari forgangsröðun fjármuna á sviði náttúruverndar.

Ástæða er til að ítreka framangreindar athugasemdir og sendist umsögnin sem fylgiskjal.

2. Athugasemdir við einstakar tillögur

Við meðferð málsins á vörþingi komu fram fjölmargar athugasemdir við þingsályktunartillöguna og er ljóst að nokkrar tillögur um friðlýsingu eru mjög umdeildar. Í ljósi þeirra athugasemda lagði umhverfisnefnd Alþingis til að c-liður I. kafla, sem varðar Egilsstaðaskóg og Egilsstaðakletta, c-liður II. kafla og Hvannstóð undir Reynisfjalli, yrðu felldir brott. Tillögum um friðlýsingu fækkaði því úr 13 í 11 skv. tillögu umhverfisnefndar. Til stuðnings breytingartillögunum er í nefndarálitinu vísað til harðrar mótstöðu og ófullnægjandi samráðs við heimamenn við undirbúning áætlunarinnar. Að álitinu sambandsins voru framangreindar breytingartillögur nefndarinnar skynsamlegar enda er ekki líklegt að friðlýsing leiði til mikils árangurs ef hún er gerð í andstöðu við hlutaðeigandi sveitarfélög.

Í nefndarálitinu var sérstaklega fjallað um tvær aðrar umdeildar tillögur án þess að gerð sé tillaga um breytingu. Um er að ræða tillögu um stækkun friðlands í Þjórsárverum og friðlýsingu svæða í Skaftártungum. Sveitarstjórnir



hlutaðeigandi sveitarfélaga gerðu athugasemdir við þessar tillögur og gagnrýndu harðlega skort á samráði við þær um framlagningu tillagnanna. Sambandið vísar í þessu sambandi til 2. mgr. 2. gr. sveitarstjórnarlaga, sem hljóðar svo:

Engu málefni sem varðar sérstaklega hagsmuni sveitarfélags skal ráðið til lykta án umsagnar sveitarstjórnarinnar.

Einnig vísar sambandið til 6. mgr. 4. gr. Evrópusáttmála um sjálfsstjórn sveitarfélaga sem hljóðar svo:

Leita skal álits sveitarstjórna í tæka tíð og á viðeigandi hátt, ef unnt er, varðandi skipulagningu og ákvarðanir í öllum málum sem þær varða.

Ekki verður annað séð en að vegið hafi verið að sjálfsstjórnarrétti hlutaðeigandi sveitarfélaga með því verklagi sem viðhaft var við gerð tillögu um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

3. Lokaorð

Þar sem verulegir annmarkar voru á málsmeðferð við gerð upphaflegrar þingsályktunartillögu með tilliti til sjálfsstjórnarréttar sveitarfélaga telur sambandið afar gagnrýniverð að tillagan skuli nú lögð fram óbreytt og að því er virðist án þess að neitt tillit hafi verið tekið til þeirra umsagna sem sveitarstjórnir sendu umhverfisnefnd Alþingis. Rík ástæða var þó til þess að ræða sérstaklega við þær sveitarstjórnir sem lýstu sig ósammála einstökum tillögum um friðlýsingu áður en tillagan var lögð fram að nýju. Sambandið leggur því þunga áherslu á að umhverfisnefnd taki mið af sjónarmiðum viðkomandi sveitarstjórna og fresti ákvörðunum friðlýsingu einstakra svæða ef það er mat nefndarinnar að ekki sé sátt um þá tillögu sem fyrir liggur.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 136/785
komudagur 26.1.2009

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26. janúar 2009

0812707SA/GB

Tilv.: 382

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 192. mál

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 11. desember 2008, þar sem óskað er eftir umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint mál. Sambandið telur sig ekki hafa forsendur til að gera athugasemd við þær tillögur sem settar eru fram í þingsályktunartillögunni. Hins vegar telur sambandið ástæðu til að koma á framfæri eftirfarandi ábendingum um verklag við gerð náttúruverndaráætlunar, framkvæmd gildandi áætlunar, tengsl við aðrar áætlanir ríkis og sveitarfélaga og forgangsröðun fjármuna og verkefna á sviði náttúruverndar.

1. Verklag við gerð náttúruverndaráætlunar

Þingsályktunartillagan er unnin af starfshópi sem ráðherra skipaði árið 2007 til að vinna að undirbúningi nýrrar náttúruverndaráætlunar fyrir árin 2009-2013. Ekki virðast aðrir hafa átt aðkomu að því starfi en starfsmenn umhverfisráðuneytisins og stofnana sem undir það heyra en undirbúningur áætlunarinnar var kynntur á umhverfisþingi í október árið 2007. Formlegt samráð um efni áætlunarinnar virðist að öðru leyti hafa verið takmarkað og er óhjákvæmilegt að gera athugasemd við það að áætlunin hafi ekki farið í almennt kynningar- og samráðsferli eins og kynnt var á umhverfisþingi.

2. Framkvæmd gildandi náttúruverndaráætlunar

Samkvæmt náttúruverndaráætlun fyrir árin 2004-2008 var stefnt að því að friðlýsa 13 landsvæði en einungis hefur verið lokið við friðun eins þeirra þótt vinna við nokkur svæði sé langt komin. Þetta skýrist að einhverju leyti af umfangi einstakra verkefna, einkum stofnun Vatnajökulspjóðgarðs. Nokkur svæði utan náttúruverndaráætlunar hafa jafnframt verið friðuð á undanförunum árum, oft að frumkvæði sveitarstjórna. Þessi niðurstaða hlýtur að vekja spurningar um hvort náttúruverndaráætlun endurspegli raunverulegar áherslur stjórnvalda í náttúruvernd á hverjum tíma. Einnig má spyrja hvort tillögur um friðlýsingar í áætluninni hafi verið of margar miðað við það fjármagn og mannafla sem stjórnvöld hafa til ráðstöfunar á sviði náttúruverndar.

3. Tengsl við aðrar opinberar áætlanir

Af þingsályktunartillögunni verður ekki ráðið að við gerð hennar hafi neitt tillit verið tekið til annarra áætlana sem ætlað er að gilda á landsvísu eða áætlana sem nú er unnið að á vegum ríkisstjórnarinnar, svo sem byggðaáætlun og rammaáætlun um nýtingu á vatnsafli og jarðhita. Þetta telur



sambandið vera gagnrýnivert enda er nauðsynlegt að samræmi sé á milli áætlana hins opinbera. Sveitarfélögin hljóta því að kalla eftir því að ráðuneyti og stofnanir ríkisins auki samráð sín í milli um gerð þeirra áætlana sem gilda eiga á landsvísu.

Einnig bendir sambandið á nauðsyn þess að formlegt samráð sé haft við sveitarstjórnir við gerð náttúruverndaráætlunar, í ljósi þess að sveitarfélög fara með skipulagsvald og bera ábyrgð á gerð svæðis- og aðalskipulagsáætlana. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort þingsályktunartillagan mun kalla á endurskoðun skipulagsáætlana sveitarfélaga með tilheyrandi kostnaði fyrir sveitarfélögin. Í framsöguræðu ráðherra um málið kom fram að starfshópurinn hafi kannað óformlega vilja sveitarstjórna og landeigenda á viðkomandi svæðum en ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu formlegt samráð hafi verið haft við öll sveitarfélög sem málið varðar. Hins vegar liggur fyrir að samráð verður haft við hlutaðeigandi sveitarstjórnir um framkvæmd friðlýsinga á grundvelli áætlunarinnar.


4. Forgangsröðun fjármuna og verkefna

Í skýringum við þingsályktunartillöguna kemur fram að 96 svæði hafa verið friðlýst á grundvelli náttúruverndarlaga eða sérlaga um náttúruvernd. Samanlagt flatarmál þessara svæða er um 19.500 ferkílómetrar eða nærri 20% af flatarmáli landsins. Í þingsályktunartillögunni er lagt til að unnið verði að friðlýsingu 13 nýrra landsvæða. Sambandið telur enga ástæðu til að efast um sérstöðu þeirra svæða sem um ræðir. Ástæða virðist þó til að benda á að með fjölgun friðlýstra landsvæða hljóta þeir takmörkuðu fjármunir sem Umhverfisstofnun hefur til ráðstöfunar til náttúruverndar að dreifast á enn fleiri staði en áður. Á sama tíma blasir við að margar helstu náttúruverndarlur landsins búa þegar við of mikið álag af völdum ferðamanna. Þar má nefna staði á borð við Geysissvæðið, Dyrhólaey og Dimmuborgir.


Þessi staða virðist kalla á að stjórnvöld sem fara með náttúruvernd taki afstöðu til forgangsröðunar fjármuna og verkefna en margt virðist benda til þess að betri árangur geti náðst ef unnið er að verndun færri landsvæða í einu á hverjum tíma. Einnig er mikilvægt að stjórnvöld tryggi að fjármagn sem varið er til náttúruverndar sé í samræmi við þá stefnu sem Alþingi samþykkir með afgreiðslu náttúruverndaráætlunar.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi
Erindi nr. P 137/283
komudagur 18.6.2009

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

18. júní 2009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 52. mál

Tillagan er endurflutt frá síðasta þingi, orðrétt skv. upplýsingum Samorku (þetta kemur þó hvorugt fram í athugasemdum við þingskjalið). Samorka skilaði inn umsögn um sama mál þann 12. janúar sl. og hafa samtökin í engu breytt um skoðun á málinu. Fyrri umsögn er því hjálögð og vísast til hennar með afstöðu samtakanna og rök fyrir henni, en í umsögninni er mælt til að frestað verði afgreiðslu þingsályktunarinnar þar til lokið hafi verið við gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

Samorka vill hins vegar minna á að í nefndaráliti fyrri umhverfisnefndar dagsettu 31. mars sl. leggur nefndin m.a. áherslu á mikilvægi þess að endanleg mörk ákveðinna friðunarsvæða verði ákveðin í samráði við heimamenn og hagsmunaaðila. Má þar nefna friðlandið í Þjórsárverum, en sérstök nefnd skipuð fulltrúum umhverfisráðherra, Umhverfisstofnunar og þriggja sveitarfélaga komst að niðurstöðu í því máli í mars 2007, niðurstöðu sem verulega er vikið frá í þingskjalinu, nú sem þegar það var lagt fram á síðasta þingi. Samorka ítrekar því fyrri áherslu á mikilvægi slíks samstarfs við heimamenn og hagsmunaaðila og samtökin treysta því að ný umhverfisnefnd viki ekki frá sameiginlegri niðurstöðu nefndarinnar frá í mars sl., hvað varðar samráð við heimamenn og hagsmunaaðila, í þessu tilviki né öðrum. Samtökin hefðu talið eðlilegt að þessi sameiginlega sýn fyrri umhverfisnefndar yrði a.m.k. hluti af athugasemdum með þingmálinu nú en væntir þess að við afgreiðslu málsins hljóti þessar fyrri niðurstöður a.m.k. sama sess og áður í meðförum nýrrar umhverfisnefndar.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

12. janúar 2009

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 192. mál


Samkvæmt tillögunni mun Alþingi álykta um að á næstu fimm árum skuli unnið að friðlýsingu 13 svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi, eins og það er orðað í þingskjalinu.

Íslendingar hafa náð gríðarlegum árangri á sviði náttúruverndar, en eins og fram kemur í þingskjalinu hafa nú þegar um 20% af flatarmáli Íslands verið friðlýst. Hækka má þessa tölu í 30-40% ef allt er talið með, þ.á m. svæði á náttúruminjaskrá og vatnsverndarsvæði Mývatns. Á sama tíma er þessi tala um 10% í Svíþjóð og Finnlandi en stefnan í báðum löndum hefur verið tekin á 15%. Nýja-Sjáland, sem þykir hvað lengst hafa seilst í þessum efnum, hefur skilgreint um 22% af landsvæði sínu sem náttúruverndarsvæði.

Hér er hins vegar rétt að minna á það starf sem nú fer fram við gerð rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma, sem ljúka á fyrir árslok 2009, en þeirri vinnu er jafnframt ætlað að mynda grunn að áætlun um verndun og nýtingu náttúrusvæða. Á umhverfisþingi árið 2007 var í sambandi við náttúruverndaráætlun m.a. rætt um ýmis svæði sem til umfjöllunar eru í tengslum við rammaáætlun. Einhver dæmi eru um slíka skörun við það verkefni í því þingskjali sem hér er til umfjöllunar. Ekki er hins vegar æskilegt að á vegum stjórnvalda sé unnið að um margt tengdum verkefnum á tvennum forsendum samtímis.

Með tilliti til þessa er hér mælt til að frestað verði afgreiðslu þingsályktunarinnar, þar til gerð rammaáætlunar er lokið. Fram kemur í athugasemdum með tillögunni að ekki hafi unnist tími til að fara með efni hennar í almennt kynningar- og athugasemdaferli eins og kynnt hafi verið, m.a. á umhverfisþingi í október 2007. Nægur tími er hins vegar til stefnu fyrir slíkt ferli, þar sem kynning og umfjöllun á umhverfisþingi í október 2009 gæti m.a. komið við sögu.

Ennfremur telur Samorka rétt að vekja athygli á mikilvægi faglegra og vel ígrundaðra vinnubragða við gerð náttúruverndaráætlunar. Viða skortir á grunnrannsóknir eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni sjálfri og því má jafnvel ætla að víða sé verið leggja til friðlýsingu til þess að síðar verði hægt að rannsaka umrædd svæði. Í þessu samhengi er gott samstarf við hagsmunaaðila ekki síst mikilvægt. Í tillögunni eru hins



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

vegar dæmi um alvarlegan skort á slíku samstarfi. Þannig er að verulegu leyti vikið frá niðurstöðu sérstakrar nefndar frá því í mars 2007 um mörk friðlandsins í Þjórsárverum, en nefndina skipaði umhverfisráðherra á sínum tíma og í henni áttu sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar og þriggja sveitarfélaga á svæðinu. Slík vinnubrögð hljóta að teljast óviðunandi og ekki til þess fallin að skapa sátt um neina niðurstöðu.

Þá ber að geta þess að víða liggja flutnings- eða dreifikerfi raforku um eða í útjaðri þeirra svæða sem lögð er til friðlýsing á. Leggja verður áherslu á mikilvægi þess að friðlýsingarskilmálar geri ráð fyrir að hægt verði að sinna viðhaldi, endurnýjun og styrkingu þessara kerfa. Enn fremur getur þurft að heimila að reist verði ný flutnings- og dreifikerfi á umræddum svæðum, ef þörf krefur til þess að hægt verði að tengja ný mannvirki við raforkukerfið.

Loks ber að gjalda almennan varhug við því að óþarflega geyst sé farið í verndun einstakra svæða eða plöntu- eða dýrategunda, slík lagasetning verður að vera framkvæmanleg í reynd. Hvernig eiga t.d. garðeigendur á Vesturlandi að umgangast reyniglæðu, sem skv. tillögunni ber að flokka þannig að hún þarfnist verndar? Skv. þingskjalinu er umrædda tegund að finna í gördum á Vesturlandi. Er jafnvel hægt að ætlast til að almennir garðeigendur þekki viðkomandi fléttutegund í sjón? Ef ekki, hver er þá tilgangurinn með þessari verndun?

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri

Alþingi
Erindi nr. P 137/250
komudagur 18.6.2009

Frá Samráðshóp íbúa og hagsmunaaðila Mýrdal
www.myrdalur.is

Til Nefndarsviðs Alþingis
Austurstræti 8 -10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um náttúruverndaráætlun 2009-2013

Samráðshópur íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal þakkar bréf umhverfisnefndar Alþingis dags. 5. júní 2009, einnig af hafa fengið að koma fyrir nefndina til að skýra málið frekar.

Hópurinn er sem fyrr sömu skoðunar á verndun austurhlíða Reynisfjalls sem búsvæði brekkubobba og bendum á að ógnin við þá ætlan sé hugmynd um veggöng gegnum fjallið. Sjá nánar erindi hópsins dags. 2. mars 2009.

Garðabæ, 17. júní 2009

F.h. samráðshóps íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal


Erla Bil Bjarnardóttir
bil@internet.is

Samráðshópur íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal

Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

bt.: Helgi Hjörvar, alþingismaður, formaður
Hildur Eva Sigurðardóttir, ritari

Efni: *Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, þingskjal 239 (192. mál).*

Samráðshópur íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal styður eindregið þá tillögu, sem fram kemur í ofangreindri þingsályktunartillögu, að “Hvannstóð undir Reynisfjalli – Bús væði brekkubobba” – verði lýst friðland, sbr. 2. mgr., lið II.c, auk skýringa í greinargerð.

Hvetur hópurinn til þess að tillagan standi óbreytt, hvað afmörkun og skilgreiningu varðar. Hópurinn bendir þó á að ástæða er til að leiðrétta þar sem segir í greinargerð að engar ógnir vofi yfir þessu svæði og leggur hópurinn til að sá liður breytist þannig:


Ógnir: Möguleg vegagerð um Víkurfjöru og jarðgöng um Reynisfjall með tilheyrandi jarðraski og hugsanlegri mengun vegna nálægðar við umferð.

Samráðshópur íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal eru grasrótahreyfing sem mynduð var í kjölfar umræðna um aðalskipulagsgerð og vegamál í Mýrdal. Hópurinn beitir sér fyrir ábyrgum skipulags- og samgöngubótum um héraðið í sátt við umhverfi, lífríki og samfélag. Jafnframt leitast hópurinn við að efla rannsóknir á svæðinu og fyrirbyggja óafturkræft tjón á náttúruverðmætum, menningarminjum og fasteignum á svæðinu. Samtökin eru kynnt nánar á heimasíðu þeirra, www.myrdalur.is. Má þar finna mikinn fróðleik um náttúrufar í Mýrdal og annað sem varðar þessi mál, enda hefur hópurinn notið velvildar ýmissa stofnana, félagasamtaka og fræðimanna við öflun efnis.


2. mars 2009

Fyrir hönd samráðshóps íbúa og hagsmunaaðila í Mýrdal,


Erla Bil Bjarnardóttir


Gunnar Á. Gunnarsson


Guðni Einarsson


Kjartan Jónsson



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík



Alþingi
Erindi nr. P 137/299
komudagur 19.6.2009

Reykjavík 19. júní 2009

Efni: Umsögn um stjórnarráðgjafingisáætlunartillögu um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 52. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins skila hér sameiginlegri umsögn um tillögu þessa og er það sem fer á eftir samhljóða umsögn SA um 192. mál á 136. löggjafarþingi 2008 -9, sbr. bréf SA dagsett 15. janúar 2009.

Frá því náttúruverndaráætlun 2004 – 2008 var samþykkt á Alþingi hafa orðið ýmsar breytingar í lagaumhverfinu sem erfitt er að sjá að tekið hafi verið tillit til við gerð þessarar þingsáætlunartillögu. Nú eru í gildi lög um umhverfismat áætlana sem kveða á um að áætlanir skuli fara í gegnum ákveðið ferli þar sem m.a. er lögð fram matskýrsla og þegar lagt er mat á áhrif áætlunar á að fjalla um hversu nákvæm skilyrði áætlunin setur þeim áætlunum sem á eftir koma og hversu nákvæm skilyrði áætlunin setur ákveðnum framkvæmdum. Í lögnum sem eru nr. 105/2006 er gert ráð að undir þau falli meðal annars skipulagsáætlanir sem gera grein fyrir markmiðum viðkomandi stjórnvalda og ákvörðunum um framtíðarnotkun lands, hvers konar framkvæmdum stefnt er að og hvernig þær falla að landnotkun á tilteknu svæði og lýsir forsendum þeirra ákvarðana. Augljóst virðist að náttúruverndaráætlun geti verið þess konar áætlun sem þarna er átt við.

Nú er einnig unnið að rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða samkvæmt stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar en þar stendur m.a. til „*að skapa sátt um vernd og nýtingu náttúrusvæða er mikilvægt að ljúka rannsóknnum á verndargildi þeirra og gildi annarrar nýtingar. Sérstök áhersla verði lögð á að meta verndargildi háhitastæða landsins og flokka þau með tilliti til verndar og orkunýtingar. Stefnt verður að því að ljúka vinnu við rammaáætlun fyrir lok árs 2009 og leggja niðurstöðuna fyrir Alþingi til formlegrar afgreiðslu*“. Augljóst virðist að sú áætlun muni tengjast náttúruverndaráætlun og að rammaáætlunin falli undir lög 105/2006. Spurningin vaknar því hvort sú tillaga sem hér er til umfjöllunar taki að hluta til þeirra sömu svæða og áætlunin er að fjalla um í rammaáætlun en það hlýtur að vera óheppilegt.

Í lögum um náttúruvernd eru ákvæði um að gefa skuli út heildstæða náttúruminjaskrá og birta í Stjórnartíðindum eigi sjaldnar en á fimm ára fresti. Nú virðist þessu þannig háttað að á vef Umhverfisstofnunar er að finna lista og lýsingu á náttúruminum. Engin leið er að gera sér á auðveldan hátt heildarmynd af þeim svæðum sem njóta verndar og þeim markmiðum sem þegar hefur verið náð. Ekki er heldur af náttúruverndaráætlun unnt að átta sig á því hverju þær tillögur skila til viðbótarfriðunar þ.e. hve stór hluti af tilteknum náttúruminum, vistgerðum o.s.v. frv. njóti þegar friðunar og hvaða ávinningi viðbótarfriðun skilar. Í tillögunni kemur fram að þegar hafi 20% landsins verið friðað en ekki kemur fram hve stórt svæði verði friðað til viðbótar þegar þessi tillaga og fyrri náttúruverndaráætlun verða að fullu komnar til framkvæmda. Slíkum spurningum yrði auðvitað að svara ef unnið yrði umhverfismat um náttúruverndaráætlun.

Í tillögunni koma fram þær ógnir sem talið er að steðji að einstökum svæðum. Þar er m.a. fjallað um frístundabyggð og virkjanir. Þegar verið er að leggja til friðlýsingu svæða vegna tiltekinna ógna virðist eðlilegt að eitthvert mat sé lagt á ógnirnar og hvaða fjárhagslegar og aðrar afleiðingar friðlýsing hefur m.a. fyrir sjálfbæra þróun svæða .


Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins



Pétur Reimarsson

Fyrir hönd Samtaka iðnaðarins



Bryndís Skúladóttir

Samtök ferðapjónustunnar

Borgartún 35
105 Reykjavík
Sími: 511 8000
Símbraf: 511 8008
www.saf.is
Netfang: info@saf.is

Alþingi
Erindi nr. P 137/303
komudagur 1/37/3009



Reykjavík 19. júní 2009

Nefndarsvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-20013

Samtök ferðapjónustunnar eru í meginatriðum sammála þingsályktunartillögunni þar sem stór hluti íslenskrar ferðapjónustu felur í sér umgengni og skoðun á náttúru landsins, dýralífi og plöntum. Mikilvægt er að aðgengi ferðamanna að þessum perlum Íslands verði með besta móti í þeim tilgangi að verja náttúruna og efla ferðapjónustuna.


Samtökin fagna stækkun Vatnajökulspjóðgarðs en þó verður að hafa í huga að sú ferðapjónustustarfsemi sem þar er eða gæti orðið fái svigrúm til athafna innan þjóðgarðsins.

SAF vilja þó koma á framfæri einni athugasemd við þingsályktunartillöguna og felst hún í því að í kjölfar aðalfundar SAF árið 2006 var umhverfisráðherra send ályktun þar sem skorað var á ráðherra að beita sér þegar í stað fyrir því að friðlandið að Fajllabaki verði stækkað og gert að einni skipulagsheild. Einnig var í sömu ályktun skorað á ráðherra að hefja undirbúning á því að stofnaður verði þjóðgarður á svæðinu sem er einstakt á heimsvísu. Í kjölfar aðalfundar SAF í apríl 2009 var ráðherra send ályktun þar sem svæðið að Fjallabaki var skilgreint nánar ásamt því að fyrri áskoranir til ráðherra um að veita ekki rannsóknaleyfi til virkjana á svæðinu voru ítrekaðar. Ekkert er í þingsályktunartillögunni fjallað um Fjallabak en það er eitt af mikilvægustu svæðum ferðapjónustu Íslands og því er mikilvægt að þetta svæði sé hluti af þeirri náttúruverndaráætlun sem til umræðu er.

Mikilvægt er að samráð sé haft með SAF og ferðapjónustuaðilum þegar ákvarðanir eru teknar um markmið friðlýsingar, afmörkun svæðis og friðlýsingaskilmála sem fela í sér takmarkanir á athöfnum manna.

Einnig telja Samtök ferðapjónustunnar mikilvægt að eftirfylgni áætlunarinnar sé mikilvæg þar sem kynning á friðlýstum svæðum verði til að auka þekkingu og gefur viðkomandi svæði meira gildi.

Virðingarfyllt


Gunnar Valur Sveinsson
Verkefnastjóri

Hjálágt:

Ályktun aðalfundar SAF árið 2006 og árið 2009 um Fjallabak

Ályktun: Frá Jökulheimum til Mýrdals-og Eyjafjallajökla.

Stofnun Vatnajökulshjóðgarðs hefur beint sjónum margra að öllu svæðinu frá Jökulheimum í norðri til Mýrdals-og Eyjafjallajökla í suðri og frá Vatnajökulshjóðgarði í austri til Köldukvíslar í vestri. Í daglegu tali er stærsti hluti svæðisins kallaður Fjallabak.

Þetta svæði er af flestum talið jarðfræðilega einstakt á heimsvísu. Samspil vegsummerkja elds og íss, hrauns og jökla auk einstakrar litadýrðar jafnt í jarðvegi og gróðri vekur einlæga aðdáun allra sem heimsækja svæðið og minnst þess æ síðan.

Aðalfundur Samtaka ferðapjónustunnar, haldinn 27 mars 2009, ítrekar fyrri áskorun til iðnaðarráðherra að veita ekki rannsóknarleyfi til virkunar jarðhita eða vatnsafls að Fjallabaki.

Jafnframt bjóðast Samtök Ferðapjónustunnar til að koma að nauðsynlegri vinnu í samstarfi við stjórnvöld, heimamenn og alla hagsmunaaðila við að skipuleggja svæðið með það að markmiði að sjálfbær ferðapjónusta geti dafnað þar um ókomin ár.

Ályktun: Rannsóknarleyfi vegna virkjana að Fjallabaki

Fjallabakssvæðið frá Heklu í suðri, Hrauneyjum í norðri og að Lakagígum í austri er einstakt á heimsvísu og mjög mikilvægt fyrir ferðaþjónustuna. Í ljósi þess skorar aðalfundur Samtaka Ferðaþjónusturnar haldinn 6. apríl 2006 á iðnaðarráðherra að veita ekki rannsóknarleyfi til virkjunar jarðhita eða vatnsafls að Fjallabaki. Framkvæmdir sem fylgja rannsóknum geta skaðað hagsmuni ferðaþjónustunnar á svæðinu verulega. Einnig skorar fundurinn á iðnaðarráðherra að hafa fullt samráð við samtökin við gerð síðari hluta Rammaáætlunar. Jafnframt þarf að tryggja að farið verði eftir niðurstöðum áætlunarinnar varðandi framtíðar virkjanasvæði.



SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi

Erindi nr. **P** 137/223

komudagur 16.6.2009

Selfossi, 16. júní 2009

0811001SA ÞH

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn SASS um náttúruverndaráætlun 2009 - 2013, 52. mál

Á fundi stjórnar Samtaka sunnleuskra sveitarfélaga, 12. júní sl., var tekið fyrir erindi frá umhverfisnefnd Alþingis, dags. 5. júní 2009, þar sem óskað var umsagnar um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009 - 2013, 52. mál. Eftirfarandi umsögn var samþykkt:


„Stjórn SASS vekur athygli á því að sveitarstjórnir á Suðurlandi og stjórn SASS gerðu miklar athugasemdir við samljóða tillögu sem lögð var fram á síðastliðnu þingi og vísar til þeirra og ítrekar fyrri afstöðu.“

Hér á eftir fer umögn sem stjórn SASS samþykkti á fundi sínum 9. janúar sl.

„Stjórnin gerir ekki athugasemdir við efni frumvarpsins en bendir hins vegar á nauðsyn þess að formlegt samráð sé haft við sveitarstjórnir við gerð náttúruverndaráætlunar í ljósi þess að sveitarfélög fara með skipulagsvald bæði hvað varðar svæðis- og aðalskipulag. Þá liggur ekki fyrir hvort samþykkt tillögunnar kallar á endurskoðun skipulagsáætlana sveitarfélaganna með tilheyrandi kostnaði. Einnig er mikilvægt að stjórnvöld tryggja nauðsynlegt fjármagn til þeirrar náttúruverndar sem tillagan gerir ráð fyrir.“

Umsögnunum er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,
f.h. SASS


Þorvarður Hjaltason
framkvæmdastjóri

29.6.2009

Alþingi
Erindi nr. P 137/481
komudagur 30.6.2009

Umhverfisnefnd Alþingis.

Með bréfi 5. júní sl. var þeim sem gefið höfðu umsögn til umhverfisnefndar á síðasta þingi um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013 gefinn kostur á að bæta við athugasemdir sínar eða láta fyrri umsögn gilda.

Ákveðið var að láta fyrri umsögn frá Skaftárhreppi gilda og var því ekki sent svar við bréfinu frá 5. júní. Ef frekari aðgerða er þörf, þá vinsamlegast látið mig vita.

Kær kveðja,
Bjarni Danielsson
sveitarstjóri Skaftárhrepps
893 5940



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss • Sími: 486 6014 • Fax: 486 6091 • Kennitala: 540602-4410 • Heimasíða: www.skeidgnup.is • Netfang: sigurdur@skeidgnup.is

Alþingi
Erindi nr. P 137/372
komudagur 24.6.2009

Árnesi 23.06.2009.

Umhverfisnefnd Alþingis

Skrifstofa Alþingis. 150 Reykjavík

Efni: umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 52 mál.

Sveitarstjórn Skeiða-og Gnúpverjahrepps tók á fundi sínum þann 23.júni 2009 til umfjöllunar þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Það kom skírt fram í málflutningi fundarmanna mikilvægi þess að haft verði náið samráð við sveitarstjórn verði ráðist í stækkun á friðlandi Þjóssárvera. Eftirfarandi var bókað vegna málsins.

„Erindi frá Alþingi með ósk um umsögn vegna þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Sveitarstjórn samþykkir stækkun á friðlandi Þjóssárvera en leggur áherslu á að haft verði samráð við sveitarstjórn vegna útfærslu skilmála friðlandsins“

F.h. Skeiða-og Gnúpverjahrepps .
Oddviti Skeiða-
og Gnúpverjahrepps

Gunnar Örn Marteinson.

Oddviti

Alþingi
Erindi nr. P 137/158
komudagur 11.6.2009



2009060016
9140

Alþingi
Hildur Eva Sigurðardóttir
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. júní 2009
/--

Efni: Umsögn Skipulagsstofnunar um tillögu að þingsályktun um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 52. mál.

Vísað er til erindis, dags, 5. júní 2008, þar sem þess er óskað að Skipulagsstofnun veiti umsögn sína um fram komna tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Skipulagsstofnun vísar til fyrri umsagnar, dags. 12. janúar 2009, þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við þingsályktunina.


Þóroddur F. Þóroddsson

Alþingi
Erindi nr. P 137/248
komudagur 18.6.2009



Skorradalshreppur

Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

15.júní 2009

52. mál

**Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009–2013 á
þskj. 239 — 192. mál. (Lögð fyrir á 136.lp)**

Skorradalshreppur fagnar fram kominni þingsályktunartillögu og lýsir sig fylgjandi henni.

Í forsendum áætlunarinnar kemur fram að hún „er unnin út frá vísindalegum gagnagrunnum Náttúrufræðistofnunar Íslands og er byggð á faglegu mati á því hvaða þættir í náttúru Íslands teljast verndarþurfi. Áætlunin miðar fyrst og fremst að því að styrkja verndun ákveðinna tegunda plantna og dýra sem taldar eru í útrýmingarhættu og áframhaldandi uppbyggingu heildstæðs nets verndarsvæða á landinu.“

Í þessu samhengi vill umhverfisnefnd Skorradalshrepps taka undir það álit NÍ að framvegis verði náttúruverndaráætlun tengd við alþjóðleg net friðlýstra svæða í samhengi þess að Ísland er aðili að mörgum alþjóðasamningum um náttúruvernd.¹

Það er mikilvægt að sveitarfélög sjái sér hag í framfylgd áætlunar af þessu tagi, t.d. í kynningu á *hverskonar sérleika* á viðkomandi svæði. Því væri gagnlegt að myndir/teikningar fylgdu listum yfir friðlýstar plöntutegundir (háplöntur, mosar og fléttur), þannig að auðveldlega mætti sýna tegundir á válistum í flóru viðkomandi svæðis. Með birtingu slíkra mynda á vef þeirra sveitarfélaga þar sem fundarstaðir eða mikilvæg búsvæði viðkomandi tegunda eru, mætti ná til áhugasamra náttúruskoðenda í hópi ferðamanna. Þá þarf að hvetja sveitarfélög til að taka tillit til válistanna við aðalskipulagsgerð.

F. h. Skorradalshrepps

K. Hulda Guðmundsdóttir
K. Hulda Guðmundsdóttir
form. umhverfisnefndar Skorradalshrepps

¹ Sjá vef NÍ http://www.ni.is/media/midlunogthjonusta/utgafa/skyrslur_2008/NI-08008.pdf, s 24.

Alþingi
Erindi nr. Þ 137/270
komudagur 19.6.2009



Sveitarfélagið
Vogar

Alþingi
Umhverfisnefnd
Hildur Eva Sigurðardóttir, nefndarritari
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Vogum, 16. júní 2009
0805010

Tillaga til þingsályktunar.

Erindi yðar dags. 8. júní var tekið fyrir á fundi bæjarráðs þann 16. júní síðastliðinn og fékk eftirfarandi afgreiðslu.


6. Bréf frá umhverfisnefnd Alþingis. Umsögn um þingsályktunartillögu um náttúruverndaráætlun 2009-2013.

Þingsályktunartillagan er lögð fram. Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við efni hennar.

Bæjarráð harmar þann stutta svarfrest sem gefinn er til umsagnar um málið.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,


Róbert Ragnarsson, Bæjarstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 137/339
komudagur 22.6.2009

Alþingi - Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 22. júní 2009
Tilvísun: UST20090600037/sá

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 52. mál

Með bréfi, dags. 5. júní 2009, sendi umhverfisnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 52. mál.

Umhverfisstofnun telur rétt að víkja nokkrum orðum að framgangi mála undanfarna mánuði og stöðu friðlýsinga.

Í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd er það hlutverk Umhverfisstofnunar að annast og undirbúa tillögur að friðlýsingu landsvæða og tegunda. Umhverfisstofnunin aflar upplýsinga um eignahald og ábúð á jörðum og jarðapörtum sem verið er að friðlýsa og aflar auk þess upplýsinga um aðra hagsmunaaðila ef þeir eru fyrir hendi. Stofnunin kynnir viðkomandi aðilum drög að friðlýsingarskilmálum þar sem fram koma m.a. hver meginatriði verndunar eru, hversu víðtæk friðunin er, hvaða takmarkanir friðlýsingin hefur í för með sér fyrir hagsmunaaðila eða almenning svo sem hvað varðar framkvæmdir eða veiðirétt og hver umferðaréttur almennings skal vera á svæðinu. Í sérstökum tilfellum er getið um nauðsynlegar framkvæmdir, svo sem lagningu göngustíga, útsýnispalla eða annarra aðgerða sem tryggja eiga að almenningur geti notið þeirra náttúruminja sem verið er að friða. Þegar upp kemur sú staða að Umhverfisstofnun nær ekki samkomulagi við hlutaðeigandi aðila um friðlýsingu og það er álit stofnunarinnar og fagstofnanna t.d. Náttúrufræðistofnunar Íslands að brynt sé að friðlýsa viðkomandi náttúruminjar skal málinu vísað til meðferðar hjá umhverfisráðherra.

Unnið er að friðlýsingu landsvæða í samræmi við náttúruverndaráætlun. Einnig er, eftir því sem tók eru á og eftir því sem samræmist mati á verndargildi viðkomandi svæða, unnið að friðlýsingum samkvæmt óskum heimamanna, einstaklinga eða sveitarstjórna. Aflað er upplýsinga hjá fagstofnunum svo sem Náttúrufræðistofnun Íslands, Hafrannsóknastofnuninni og Veiðimálastofnun um sérstöðu náttúruminja áður en vinna við formlegt friðlýsingarferli hefst.

Svæði sem friðlýst hafa verið árið 2009

Friðlýst hafa verið 6 svæði á yfirstandandi ári og er eitt þeirra á náttúruverndaráætlun 2004-2008.

Umhverfisráðherra hefur staðfest friðlýsingu þeirra og auglýsing þar að lútandi verið birt í Stjórnartíðindum.

- Vatnshornsskógur, friðland, auglýsing nr. 164/2009
- Litluborgir, náttúruvætti, auglýsing nr. 395/2009
- Kaldárhraun og Gjárnar, náttúruvætti, auglýsing nr. 396/2009
- Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða, fólkvangur, auglýsing nr. 397/2009
- Stekkjarhraun, fólkvangur, auglýsing 398/2009
- Hleinar, fólkvangur, auglýsing nr. 399/2009

Svæði sem Umhverfisstofnun vinnur nú að friðlýsingu á:

Gert ráð fyrir að stofnunin sendi inn tillögur að þremur svæðum á þessu ári. Ekki er gert ráð fyrir að vinna við friðlýsingu svæða á náttúruverndaráætlun 2009-2013 hefjist á árinu 2009.

Álftanes – Skerjafjörður (Náttúruverndaráætlun 2004-2008)

Umhverfisstofnun ákvað að skipta svæðinu í suður- og norðursvæði þar sem mikill munur var á vilja sveitarfélaganna við Skerjafjörð að friðlýsa svæðið. Einnig óskuðu Garðbæingar eftir því að aðskilja Gálgahraunssvæðið frá Álftanes-Skerjafjarðarsvæðinu og friðlýsa það sérstaklega sem friðland.

- Drög að auglýsingu fyrir friðland í Gálgahrauni, Garðabæ er tilbúin. Ákveðið hefur verið að Umhverfisstofnun og sveitarfélagið auglýsi fyrirhugaða friðlýsingu í fjölmiðlum og á heimasíðu sveitafélagsins og Umhverfisstofnunar og í dagblöðum.
- Drög að auglýsingu fyrir búsvæðavernd fugla, sérstaklega rauðbrystings og margæsar í Skerjafirði, Garðabæ er tilbúin. Ákveðið hefur verið að Umhverfisstofnun og sveitarfélagið auglýsi fyrirhugaða friðlýsingu í fjölmiðlum og á heimasíðu sveitafélagsins og Umhverfisstofnunar.
- Drög að auglýsingu fyrir búsvæðavernd fugla, sérstaklega rauðbrystings og margæsar í Skerjafirði, Sveitarfélaginu Álftanesi eru langt komin. Unnið er að gagnaöflun um eignahald á netlögum á suðurhluta Álftaness. Umhverfisstofnun hefur lagt til við sveitarfélagið að farin verði sama leið og í Garðabæ, þ.e. að Umhverfisstofnun og sveitarfélagið auglýsi fyrirhugaða friðlýsingu í fjölmiðlum og á heimasíðu sveitafélagsins og Umhverfisstofnunar.
- Umhverfisráðuneytið vinnur að samkomulagi við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti vegna hafsvæðis utan netlaga að 10 m dýptarlínu og við embætti forseta Íslands vegna friðlýsingu á Bessastaðanesi.
- Skerjafjarðarsvæðið innan bæjarmarka Kópavogs er í biðstöðu.
- Skerjafjarðarsvæðið innan bæjarmarka Seltjarnarness er í biðstöðu.
- Skerjafjarðarsvæðið innan borgarmarka Reykjavíkur er á frumstigi.

Látrabjarg – Rauðasandur (Náttúruverndaráætlun 2004-2008)

Sveitarstjórn hefur allt frá því að náttúruverndaráætlun var kynnt sýnt áhuga á friðlýsingu svæðisins. Haldnir hafa verið fundir með sveitarstjórn og einnig opnir fundir með heimamönnum og landeigendum. Frumdrög að auglýsingu hefur verið kynnt sveitarstjórn og landeigendum á almennum borgarafundi. Hafa þarf samband við alla landeigendur, kanna hug þeirra til friðlýsingar og semja um friðlýsingarskilmála. Umhverfisstofnun mun halda áfram að kanna möguleika á friðlýsingu svæðisins í sumar.

Kalmannshellir (skv. beiðni landeigenda)

Landeigandi hefur óskað eftir friðlýsingu hluta hellisins. Drög að auglýsingu hafa verið kynnt landeigenda. Umhverfisstofnun hefur borist álit og athugasemdir Náttúrufræðistofnunar Íslands við drög að friðlýsingarskilmálum. Kynna þarf landeigenda lokadrög auglýsingarinnar.

Húsey (skv. beiðni landeigenda),

Ábúandi hefur í erindi til umhverfissráðuneytisins og Umhverfisstofnunar óskað eftir friðlýsingu. Hluti svæðisins var í tillögum Umhverfisstofnunar vegna náttúruverndaráætlunar 2004-2008-Fljótsdalshérað (Úthérað). Á svæðinu er fjölbreytt fuglalíf og óraskað votlendi. Leitað hefur verið áhlits Landgræðslu ríkisins sem tekur undir það að svæðið verið friðlýst.

Viðey í Þjórsá (skv. beiðni landeigenda)

Viðey er afar frjósamur og gróskumikill hólmi í Þjórsá. Landeigendur hafa af því áhyggjur að ef virkjað verður í neðri Þjórsá að þá verði auðvelt fyrir menn og málleysingja að fara út í Viðey. Til að tryggja sérstöðu hólmanum hafa landeigendur óskað eftir friðlýsingu hans og að vísindamönnum, t.d. hjá Landgræðslu ríkisins og/eða Náttúrufræðistofnun Íslands verði falin umsjón með hólmanum. Drög að auglýsingu hefur verið kynnt Náttúrufræðistofnun Íslands, Landgræðslu ríkisins og umhverfissráðuneyti og beiðni er áhlits þeirra.

Búrfell og Búrfellshraun (skv. aðalskipulagi Garðabæjar)

Garðabæingar hafa óskað eftir því að friða það sem eftir er af hraunum eldstöðvarinnar Búrfells allt frá eldstöðinni og niður í flæðarmál, en hraunstraumurinn ber ýmis nöfn á þessu svæði. Gálgahraun hefur verið tekið með Skerjafjarðarsvæðinu enda eignahald í höndum sveitarfélagsins. Málið er á frumstigi.

Friðlýsingar í biðstöðu:

Vestmannaeyjar (Náttúruverndaráætlun 2004-2008)

Þann 9. júní sl. sendi Umhverfisstofnun umhverfissráðuneytinu bréf þar sem vísað var til þess að stofnunin hefur unnið að friðlýsingu Vestmannaeyja í samræmi við náttúruverndaráætlun 2004-2008, sem samþykkt var sem þingsályktun á Alþingi. Allt frá upphafi hefur verkefnið verið unnið í samstarfi við heimamenn. Í bréfinu var vísað til þess að fram hefur komið á fundi með fulltrúum bæjarins að samkomulag sé um efnisákvæði auglýsingar fyrir búsvæðaverndinni. Umhverfisstofnun óskaði eftir formlegri afstöðu Vestmannaeyjabæjar á friðlýsingu svæðanna með bréfi dags. 17. febrúar síðastliðinn, en svar hefur ekki borist við beiðninni. Í bréfinu segir enn fremur að þrátt fyrir vilja heimamanna til að friðlýsa úteyjar Vestmannaeyja og svæði á Heimaey sem búsvæði sjófugla hafi þeir ekki viljað undirrita friðlýsingu þess efnis þar sem þeir telja nauðsynlegt að friðlýsingunni fylgi nægjanlegt fjármagn til að vakta stofna sjófugla í úteyjum og á Heimaey þannig að unnt verði að sýna fram á árangur friðlýsingarinnar. Loks segir í bréfinu að Umhverfisstofnun telji ekki unnt að ljúka friðlýsingarferlinu að svo stöddu þar sem stofnunin hefur ekki fjármagn eða fjárveitingu til að skuldbinda ríkissjóð til vöktunarverkefna í Vestmannaeyjum. Það sé mat stofnunarinnar á stöðu málsins að rétt sé að vísa málinu til meðferðar ráðherra í samræmi við 59. gr. laga um náttúruvernd en stofnunin er tilbúin til að taka friðlýsingarferlið upp að nýju ef aðstæður málsins breytast.

Geysir í Haukadal (Náttúruverndaráætlun 2004-2008)


Þann 1. febrúar 2009 sendi Umhverfisstofnun umhverfissráðuneytinu bréf þar sem vísað var til þess að svæðið Geysir í Haukadal sé eitt af þeim svæðum sem séu á Náttúruverndaráætlun


2004-2008 og fram komi í framlagðri þingsályktun til Náttúruverndaráætlunar 2009-2013 að Umhverfisstofnun hefur ekki hafið friðlýsingarferli á Geysissvæðinu þar sem ákveðið var í samráði við umhverfisráðuneytið að bíða eftir kaupum ríkisins á því. Mat stofnunarinnar var og er að eignarhald ríkisins á svæðinu einfaldi mjög og greiði fyrir friðlýsingu á svæðinu og beðið hefur verið eftir tilkynningu umhverfisráðuneytisins um breytt eignarhald á svæðinu þannig að unnt verði að hefja vinnu við friðlýsingarferlið. Umhverfisstofnun hafa ítrekað borist kvartanir vegna Geysissvæðisins sem er mjög vinsæll og fjölsóttur ferðamannastaður. Að mati Umhverfisstofnunar er brýnt að grípa til aðgerða á svæðinu og lagði því til að ráðuneytið feli stofnuninni að vinna að friðlýsingu þess svæðis sem í dag er í eigu ríkisins og að samhliða verði unnið að því að afla fjármuna til að bæta aðstöðu ferðamanna á svæðinu og tryggja öryggi þeirra. Bréfinu fylgdi minnisblað stofnunarinnar um ástand Geysissvæðisins.

Fjármagn til friðlýsinga:

Umhverfisstofnun vill ítreka að í þingsályktunartillögunni er ekki gert ráð fyrir fjármagni til framkvæmdar áætlunarinnar á yfirstandandi ári. Ekki er því unnt að hefja vinnu við framkvæmd áætlunarinnar nema að litlu leyti fyrir en árið 2010. Ekki er heldur gert ráð fyrir fjármagni til að setja af stað rekstur á svæðunum fyrir en árið 2010. Áformuð heildarfjármögnun á ári vegna reksturs fyrirhugaðra 13 svæða er 17 m.kr. sem jafngildir 1,3 m.kr. á hvert svæði. Vegna þessa takmarkaða fjármagns telur Umhverfisstofnun ekki unnt að gera ráð fyrir landvörslu á öllum svæðum. Vart verður unnt að ráðstafa fjármagni til fræðslu, uppbyggingar og vöktunar á svæðunum. Þá bendir stofnunin á að friðlýsing er ótímabundin ákvörðun og því eðlilegt að gert sé ráð fyrir árlegum fjárveitingum til reksturs þeirra svæða sem eru friðlýst en ekki aðeins fjármagni til fjögurra ára.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústs dóttir
sviðsstjóri


Hjalti J. Guðmundsson
sviðsstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 137/491
komudagur 1.7.2009

Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Veiðimálastofnun barst til umsagnar þingsályktunartillaga um náttúruverndaráætlun 2009-2013 Vegna mikilla anna hefur ekki gefist tími fyrir til að fara yfir málið og senda umsögn.

Í tillögunni er gerð tillaga að friðlýsa svæði vegna plantna, vegna dýra, vistgerða og jarðfræði. Þá er lagt til að ákveðnar plöntur og dýrategundir verði friðaðar. Veiðimálastofnun gerir ekki efnislegar athugasemdir við þetta. Hins vegar vantar algerlega mat á vistkerfi ferskvatns og ferskvatnssvæða (votlendi, tjarnir, vötn, ár, grunnvatn og lindir). Sama gildir um svæði í sjó (fjörur, strandsvæði, hafsvæði, botnsvæði). Stafar þetta væntanlega að Náttúrufræðistofnun er falið að gera áætlunina, en sú stofnun sinnir náttúrufarsrannsóknum á landi og vantar þá vistkerfi í vatni og í sjó.

Veiðimálastofnun gæti lagt mikið til er kemur að vistkerfum ferskvatns og Hafrannsóknarstofnun í sjó. Leggur stofnunin til að náttúruverndaráætlunin verði endursamin og taki þá til vistkerfi á öllu landinu en ekki einungis á landi heldur einnig í vatni og í sjó.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðjónsson, forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 137/401
komudagur 25.6.2009



Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
b/t Hildar Evu Sigurðardóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. júní 2009.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013 (52. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér að komið verði upp neti verndarsvæða til að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilega fjölbreytni.

Viðskiptaráð gerir ekki athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs